**Streita í starfi hefur áhrif á einkalífið**
Tíundi hver lögreglumaður gæti þurft sálræna aðstoð.



Á lögreglustöðinni fyrir 55 árum
Þorsteinn Skúlason minnist fyrstu vaktanna.



**Sextán fengu gullmerki**
Afreksfólk ÍSL heiðrað.



# LÖGREGLUMAÐURINN

2. TÖLUBLAÐ | 37. ÁRGANGUR 2021 | 96. BLAÐ



## Sprengjusérfræðingar í rúm 70 ár

- Íslenskir lögreglumenn hafa glímt við sprengjur allt frá seinni heimsstyrjöld
- Tvö til þrjú sprengjutengd verkefni í mánuði
- Heimatilbúnar sprengjur meginviðfangsefnið

14-22






**rennismíði**

**mótasmíði**

**verkfærasmíði**

**vélsmíði**

**tækniþjónusta**

**tölvustýrðar smíðavélar**

**neistagröftur (EDM)**

**umboð fyrir ERLO súluborvélar**

**fjöldaframleiðsla í renndum og fræstum hlutum**

**undirverktaka í málmsmíði**

VÉLVÍK®

Höfðabakka 1
110 Reykjavík
Sími: 587 99 60
www.velvik.is

studio pd





## Efnisyfirlit


**Pistill nýs formanns** ........ 4–5
Fjölnir Sæmundsson skrifar pistil um starfsumhverfi lögreglumanna

**Áhrif streitu á fjölskyldur lögreglumanna** ........ 6–9
Grein eftir Ingveldi E. Össurardóttir nema í félagsráðgjöf við HÍ

**Endurminningar lögreglumanns** ........ 10–13
Þorsteinn Skúlason minnist fyrstu vaktanna í lögreglubúningi fyrir 55 árum

**Sprengjusérfræðingar lögreglunnar** ........ 14–22
Farið yfir viðburðaríka sögu sprengjusérfræði
innan lögreglunnar frá stríðstímum

**Hvað getum við gert fyrir ykkur?** ........ 24–25
MSL hefur lagt áherslu á að auka námsframboð fyrir lögreglumenn

**Vinnan á lokametrunum** ........ 26
Farið yfir stöðu mála við frágang og endurskoðun
stofnanasamnings Landssambands lögreglumanna

**Íþróttir** ........ 28–31
- Ávarp formanns ÍSL
- Þing ÍSL 2021-2021
- Heiðursviðurkenningar
- Landsmót í golfi 2021
- Mótalisti 2022



# LÖGREGLUMAÐURINN

2. TBL. / 37. ÁRG. 2021 / 96. BLAÐ

**RITSTJÓRI**
BALDUR GUÐMUNDSSON

**ÁBYRGÐARMAÐUR**
FJÖLNIR SÆMUNDSSON, FORMAÐUR LL

**GUÐLAUG HREINSDÓTTIR**
SKRIFSTOFUSTJÓRI LL

**UMBROT OG HÖNNUN**
DAVÍÐ ÞÓR

**FORSÍÐUMYND**
LÖGREGLAN

**TEIKNING Á BLS 3**
LOGI JES KRISTJÁNSSON

**AÐRAR MYNDIR**
JÚLÍUS SIGURJÓNSSON OG AÐSENDAR

LL@LOGREGLUMENN.IS
WWW.LOGREGLUMENN.IS

**Formannshornið**

# Hættur í starfi og aukið álag



Fjölnir Sæmundsson

Í sumar vorum við lögreglumenn minntir á að við vinnum lífshættulegt starf. Lögreglumenn hafa staðið frammi fyrir hættu á að þeir örkumlist eða látist við skyldustörf. Ég þori að fullyrða að engin önnur stétt á Íslandi stendur frammi fyrir því að morgni að slíkur möguleiki sé raunverulega fyrir hendi þann daginn.

Við lögreglumenn höfum áratugum saman talið að starf okkar sé ekki metið að verðleikum; að ekki sé hlustað þegar við lýsum því hversu hættulegt starfið er. Við búum ekki bara við líkamlega ógn heldur er andlegri heilsu okkar einnig hætta búin. Þótt það hafi sína kosti að fást við ólík verkefni í vinnu þá er falið í því mikið álag að vita aldrei hvað dagurinn ber í skauti sér. Að þurfa alltaf að búast við einhverju óvæntu eða ógnvænlegu.

Í heimildamyndinni Þögul tár, sem sýnd var nýlega, kom fram að annað hvert ár, að meðaltali, sviptir lögreglumaður á Íslandi sig lífi. Þessi staðreynd er skelfileg en því miður ekki ókunn okkur lögreglumönnum. Við vitum líka, starfa okkar vegna, að allar líkur eru á því að sjálfsvíg á Íslandi séu vanskráð. Oft er ekki hægt að fullyrða með vissu um orsakir slysa og óhappa. Að þessu viðbættu eru til fjölmargar rannsóknir sem hafa sýnt fram á að þeir sem starfa við löggæslu lifa skemur eftir að starfsævi þeirra líkur. Það er því óhætt að segja að við sem stétt séum í bráðri hættu hvað heilsu okkar varðar allt frá því við hefjum störf í lögreglunni.

Því miður eykst álag á lögreglumenn stöðugt. Í dag sætir meirihluti lögreglumanna stöðugt myndbandsupptökum við störf sín; ýmist í myndavélabúnaði lögreglunnar eða farsímamyndavélum almennings. Rannsóknir og kvartanir á störfum lögreglunnar virðast aukast með hverju árinu og náðu kannski ákveðnum lágpunkti í lok síðasta árs þegar rannsókn fór að beinast að einkasamtali lögreglumanna en ekki sakamálinu sem var verið að vinna að. Þetta stöðuga eftirlit er auðvitað áhrifaþáttur þegar kemur að vaxandi álagi.

Lögreglumenn þekkja líka að kulnun í starfi er algengt vandamál okkar raða, sérstaklega á seinni hluta starfsævinnar. Í síðustu kjarasamningum ríkis og opinberra starfsmanna var samið um styttri vinnuviku. Markmiðið með þessari styttingu á meðal annars að vera að bæta heilsu fólks og auka gæði fjölskyldulífs. Mér er sagt að þessi stytting hafi komið vel út hjá sumum hópum og þá einkum hjá fólki í dagvinnu. Samtöl mín við lögreglumenn í vaktavinnu víða um landið sýna hins vegar að sú er ekki endilega raunin hjá öllum í okkar stétt. Enn hefur aukið á álagið víðast hvar á landinu. Margir lögreglumenn upplifa ekki bara minni frítíma heldur líka lægri laun.

Það sem ekki síður hefur aukið á álagið er að bæði hefur lögreglumönnum á vakt fækkað og fjöldi ófaglærðra lögreglumanna hefur aukist. Ég ætla ekki að tala niður félaga okkar sem ekki eru lærðir lögreglumenn en staðreyndin er sú að þessi staða eykur mjög ábyrgð og þar með álag á þeim sem eru lærðir. Mín skoðun er að við sem sérfræðistétt, þar sem lögreglunám er komið á háskólastig, ættum ekki frekar en aðrar sérfræðistéttir að sætta okkur við að ófaglært fólk vinni okkar störf.

Þó svo hærri mánaðarlaun komi ekki í stað þeirrar heilsu- og lífsógnar sem við búum við, þá felst í hækkun launa viðurkenning á mikilvægi starfsins. Það dregur líka verulega úr álagi að þurfa ekki, til viðbótar við álag í starfi, að hafa áhyggjur af framfærslu fjölskyldu sinnar.

Landssamband lögreglumanna og ríkislögreglustjóri hafa nú tekið höndum saman og hafið vinnu þar sem huga á betur að andlegri heilsu lögreglumanna. Þrátt fyrir að ýmis fagleg aðstoð hafi verið í boði fyrir lögreglumenn undanfarin ár þá virðist því miður hafa verið misbrestur á því að nægjanlega margir lögreglumenn hafi nýtt sér þá þjónustu. Úr því þurfum við að bæta. Með þessu samstarfsverkefni á að finna bestu leiðirnar að því marki að við sem stétt nýtum okkur öll þau tæki sem í boði eru til að bæta heilsu okkar, svo við getum bæði notið starfsævinnar og ekki síður lífeyrisáranna. Ég vil hvetja alla lögreglumenn til þess að nýta sér þá þjónustu sem í boði verður.

## Lögreglumenn stjórni lögreglunni

Hver á að stjórna lögreglunni? Eru það lögreglumenn sjálfir eða önnur háskólastétt? Undanfarna áratugi hefur þróunin verið sú að hlutfall lögreglumanna sem hefur háskólamenntun að baki verður sífellt hærra. Margir hafa menntað sig á háskólastigi þegar þeir hefja störf innan lögreglunnar og drjúgur hluti bætir við sig sérhæfðu námi samhliða vinnu, til að auka færni sína og fjölga tækifærum.

Frá árinu 2016 hefur nám í lögreglufræðum verið kennt á háskólastigi. Það er því mjög sanngjörn og eðlileg spurning að spyrja hvers vegna það eru ekki lögreglumenn sem skipa embætti lögreglustjóra – og stjórna lögreglunni.

Í 28. grein lögreglulaga er fjallað um hæfisskilyrði lögreglustjóra. Þar segir meðal annars að  lögreglustjóri þurfi að hafa lokið fullnaðarprófi í lögfræði með embættisprófi eða meistaraprófi eða háskólaprófi í þeirri grein sem metið verður jafngilt.




Sá tími að nauðsynlegt sé að vera lögfræðimenntaður til þess að gegna starfi lögreglustjóra ætti að vera liðinn. Þetta er arfur frá þeim tíma þegar sýslumenn ákærðu fólk og jafnvel dæmdu. Í dag eru þessir þættir hverfandi í starfi lögreglustjóra; fæstir lögreglustjórar skrifa ákærur eða fara í dómsali.

> Við eigum heldur ekki að sætta okkur við að ófaglærðir lögreglumenn séu stór hluti starfandi lögreglumanna

Þróunin hefur verið sú að með lögreglu starfa ýmsir sérfræðingar sem menntaðir eru á öðrum sviðum en í löggæslu eða lögfræði. Vissulega gefa lögregluembætti enn út ákærur og sektir í mörgum málum og ekki ber að gera lítið úr því hlutverki starfseminnar. Það er þess vegna nauðsynlegt að hafa lögfræðinga innan vébanda lögreglunnar. Staðreyndin er þó sú að stærstur hluti af starfi lögregluembætta snýst um annað.

Lögreglan er að stórum hluta rannsóknar- og þjónustustofnun sem dags daglega aðstoðar borgara landsins í leik og starfi. Í öllum stærri sakamálum sem lögregla rannsakar gefur embætti héraðssaksóknara út ákærur. Í lögfræðinámi er ekki kennt nema lítið brot af því sem starfsemi lögreglunnar snýst um. Þar er heldur ekki kennd stjórnun, skipulag leitar, sálfræði eða rannsóknir. Lögreglumenn sem háskólastétt eiga því ekki lengur að sætta sig við að önnur háskólastétt, sem hefur enga sérstaka menntun til þess, stjórni lögreglunni.

Þegar auglýst var eftir nýjum ríkislögreglustjóra árið 2020 lét vel menntaður og hæfur lögreglumaður með áratuga reynslu reyna á áðurnefnt ákvæði um hæfisskilyrði lögreglustjóra. Hann var ekki metinn hæfur en lögfræðimenntaður einstaklingur með mun minni reynslu í löggæslu var metinn hæfur. Umsókn hans vakti marga til umhugsunar um hverjir væru hæfastir til að stýra lögreglunni.

Í þessu samhengi ber þó að taka fram að í dag eru við störf tveir lögreglustjórar sem eru menntaðir lögreglumenn og hafa langa reynslu af því að starfa í lögreglu. Það er afar ánægjulegt. Krafa okkar á að vera að hæfisskilyrðum til að starfa sem lögreglustjóri verði breytt. Skilyrða ætti menntun og reynslu sem lögreglumaður fyrir ráðningu í starf lögreglustjóra. Við lögreglumenn erum sekir um að standa ekki nógu vel á okkar réttindum hvað þetta varðar.

Árið 2007, þegar lögregluembættum var fækkað, var það sett inn í lögreglulög að við embætti lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu og á Suðurnesjum mætti ráða aðstoðarlögreglustjóra sem ekki væru með próf í lögfræði. Í mörg ár var lögreglumaður í slíkri stöðu en þegar hann hætti störfum stóðum við sem stétt ekki vörð um það að annar lögreglumaður yrði ráðinn í hans stað. Í dag eru staðgenglar lögreglustjóra í öllum embættum saksóknarfulltrúar en ekki lögreglumenn, eins réttast væri. Lögreglumenn eru sérfræðingar og fagmenn á sínu sviði og eiga því ekki lengur að sætta sig við annað en að þeir sjálfir stýri skipulagi og uppbyggingu lögreglunnar. Við eigum að sýna stéttarvitund og standa betur vörð um okkar hagsmuni.

Við eigum heldur ekki að sætta okkur við að ófaglærðir lögreglumenn séu stór hluti starfandi lögreglumanna, ekki frekar en aðrar stéttir. Sækja þarf um sérstaka undanþágu til Menntamálaráðuneytis til þess að ráða ófaglærða manneskju til að kenna. Gerð er sú krafa að einstaklingurinn búi yfir einhvers konar þekkingu til að geta starfað sem leiðbeinandi við kennslu. Engin slík skilyrði eru viðhöfð þegar fólk er ráðið til lögreglustarfa sem sýnir okkur hversu lítil virðing er borin fyrir sérfræðiþekkingu okkar og menntun. Til þess að þetta megi breytast þarf að stórefla lögreglunám og fjölga þeim sem hafa tækifæri til að stunda það.

Það er vel þekkt að skortur er á lögreglumönnum. Sú staðreynd er hins vegar ekki vandamál stéttarinnar heldur stjórnvalda sem verða að hlúa betur að lögreglumönnum; námi þeirra og starfsskilyrðum til þess að fleiri haldist í starfi. Það er kominn tími til að við lögreglumenn tökum sjálfir yfir stjórn á okkar starfsumhverfi og málefnum. Það erum við sem erum sérfræðingarnir.



# Streita í störfum lögreglu hefur áhrif á fjölskyldur þeirra

Eftir **Ingveldi E. Össurardóttur**, nema í félagsráðgjöf við HÍ

Störfum lögreglu fylgir álag og streita, einkum hjá þeim sem árum saman sinna útköllum. Hún hefur ekki aðeins áhrif á lögreglumennina sjálfa heldur einnig nánasta umhverfi, maka, börn og stundum vini. Lögreglumenn í hjónabandi eða sambúð finna fyrir meiri streitu en hinir þar sem meiri líkur eru á árekstri við fjölskyldulíf hjá þeim (1). Margir makar upplifa mikla vaktavinnu lögreglumanna sem mikið álag á fjölskylduna.

Í grein þessari nota ég orðið „lögreglumaður" fyrir bæði kyn innan stéttarinnar. Greinin er unnin í samvinnu við Ríkislögreglustjóra og hluti af sumarverkefni mínu hjá embættinu 2021.

> Í samtölum við íslenska lögreglukarla um vinnustaðamenningu upplifðu sumir togstreitu milli einkalífs og starfsins.

## „Afbrýðisama hjákonan"

Ein af fyrstu rannsóknum á áhrifum lögreglustarfsins á hjónabönd var birt árið 1977 en þar var starfinu lýst sem „afbrýðisamri hjákonu" (2). Rannsóknin leiddi í ljós hættuna á togstreitu milli vinnu og einkalífs en svipuð áhrif virðast koma fram meðal starfsgreina sem byggja á mikilli vaktavinnu. Í rannsókn sem gerð var áratug síðar kom fram að 75% maka töldu að starfið væri lögreglumönnum mikilvægara en fjölskyldan (3). Þegar 400 lögreglumakar (98% eiginkonur) voru spurðir taldi meira en helmingur (54%) að vinnutengd streita hefði einhver áhrif á sambandið; 9% sögðu áhrifin „mjög mikil" og 6% að vinnutengd streita væri oft tekin út á fjölskyldunni (4). Í nýlegri rannsókn taldi þriðjungur maka að vinnutengd streita bitnaði á fjölskyldunni (5).

Í erlendum rannsóknum kemur fram að árekstrar vegna mikillar vaktavinnu og útkalla er áberandi streituvaldur gagnvart fjölskyldunni. Makar og börn upplifa mikið álag þegar lögreglumaður, móðir eða faðir, þarf oft að hætta við frí með litlum fyrirvara, er kallaður á aukavakt, eða í skyndileg verkefni utan hefðbundins vinnutíma. Starfið getur oft rekist á samverustundir eins og kvöldmat, sunnudagskaffi eða skipulagða viðburði, s.s. sumarfrí, hátíðardaga, afmæli eða útskriftir (6). Þannig samvera er mikilvæg í lífi allra í fjölskyldunni, ekki síst barna, og missir þeirra leiðir til að fjölskylduböndin verða ótraustari.



Ingveldur E. Össurardóttir

## Hvað með Ísland?

Engar kannanir hafa verið gerðar á því á Íslandi hvort og hve mikil streituáhrifin eru á fjölskyldur lögreglumanna. Þó má telja víst að þau séu til staðar hér, líkt og erlendis, þar sem kannanir hafa sýnt að streita er vandamál innan íslensku lögreglunnar.

Könnun Ríkislögreglustjóra frá 2008 benti þannig til þess að tíundi hver lögreglumaður væri þjakaður af streitu, þunglyndi eða kvíða. Niðurstaðan benti til að sálrænna úrræða væri þörf hjá allt að 70 manns á hverju ári (7). Rannsókn árið 2014 og 2015 á upplifun lögreglumanna á eigin líðan hneig í sömu átt (8). Þriðja rannsóknin leiddi í ljós að allt að 15% lögreglumanna sýna merki um áfallastreituröskun (9). Í lokaverkefni í löggæslunámi við Háskólann á Akureyri töldu þrír starfandi lögreglumenn að leiða mætti líkur að því að streita væri útbreidd meðal íslenskra starfssystkina. Í könnun sem þeir gerðu meðal fámennra lögregluliða mældist þó streituskor ívið minna en hjá nokkrum evrópskum lögreglusveitum (3,5 vs. 5,43, PSS-4 prófið) (10).

Í samtölum við íslenska lögreglukarla um vinnustaðamenningu upplifðu sumir togstreitu milli einkalífs og starfsins. Þeim fannst einnig gæta þess viðhorfs hjá yfirmönnum að þeir ættu að vera „100% löggur" og forgangsraða með tilliti til vinnunnar. Sömu einstaklingum fannst erfitt að hafna aukavinnu þótt hún stangaðist á við fjölskyldulífið (11). Í fyrrnefndri könnun lögreglumannanna þriggja við Háskólann á Akureyri kom þó fram að mikill meirihluti, eða 74%, upplifði ekki árekstra milli einkalífs og starfsins, heldur taldi að vel gengi, eða mjög vel, að sameina hvort tveggja. Könnunin var ekki kyngreind (10).

## Óttinn við háskann

Í lífi maka og barna lögreglumanns er algengt að undirliggjandi kvíða gæti vegna áhættunnar sem fylgir lögreglustarfinu. Það er ekki að ástæðulausu. Í könnun Félagsvísindastofnunar (2004) sögðust 43% lögreglumanna hafa orðið fyrir ofbeldi við störf síðustu fimm árin. Í 15% tilvika leiddi ofbeldið til stórvægilegra eymsla; um 5% höfðu hlotið alvarlegan áverka og 1% líkamlega fötlun (12). Ofbeldi gegn lögreglu virðist síst í rénum. Á árunum 2005–2015 tífölduðust tilkynningar um slys á lögreglumönnum til Vinnueftirlitsins. Sé rýnt í gögnin virðast áverkarnir einkum vera vegna ofbeldis gagnvart þeim í starfi. Til marks um háskann sem fylgir starfinu sýna gögn Vinnueftirlitsins að ríflega tífalt fleiri lögreglumenn verða fyrir slysi í vinnunni en starfsmenn í byggingariðnaði (13).

Makar og fjölskyldur búa líka við annars konar ógn sem í sumum tilvikum getur valdið mikilli streitu hjá maka, og stundum öðrum í nánasta hring fjölskyldunnar. Í fyrrnefndri könnun Félagsvísindastofnunar kom fram að 70% lögreglumanna sæta hótunum um líkamsmeiðingar. Meirihluti hótana af þessu tagi beinist þó ekki að þeim sjálfum, heldur fjölskyldum þeirra, einkum börnum. Þriðjungur slíkra ógna er settur fram þegar lögreglumaður er utan skyldustarfa sem í sumum tilvikum getur verið vísbending um einbeittan ásetning. Í varúðarskyni er því óhjákvæmilegt við sumar aðstæður að upplýsa fjölskylduna, a.m.k. makann, um hótunina. Fátt er jafnlíklegt til að skapa hjá honum streitu eins og mögulegar misþyrmingar á börnum þeirra, eða þeim sjálfum.

Erlendar rannsóknir benda til þess að andúð almennings á lögreglunni valdi oft miklu og langvarandi álagi á fjölskyldur lögreglumanna og er talin meðal helstu streituvalda í lífi þeirra. Að þessu leyti eru fjölskyldur lögreglumanna hér á landi í betri stöðu þar sem íslenska lögreglan er vel þokkuð af þorra almennings sem telur að hún vinni störf sín vel (14). Því má ætla að þetta gæti skýrt að einhverju leyti hvers vegna streita lögreglu hér á landi hefur mælst minni en erlendis.

## "Tough-guy"-heilkennið

Við hættulegar aðstæður, fjöldastjórnun eða þar sem skerst í odda, er mikilvægt að lögreglumenn sýni að þeir hafi stjórn á atburðarás. Eðli starfsins er því að tileinka sér fas og stjórnlynda háttsemi sem undirstrikar samfélagslegt vald lögreglunnar. Sumum lögreglumönnum reynist erfitt að skipta um gír utan vinnu, og eru alltaf „í löggugírnum". Makinn upplifir persónubreytingu, sem með tímanum getur leitt til árekstra innan fjölskyldunnar (5), ýmist við makann eða unglinga á viðkvæmum aldri. Stundum byggir þetta upp gagnkvæma reiði, sem í verstu tilvikum brýst út í heimilisofbeldi (15).

Í einlitu karlasamfélagi, eins og átti við lögregluna áður fyrr, speglast „tough-guy" heilkennið líka í því að löngum var það álitið veikleikamerki að leita sér aðstoðar við úrvinnslu tilfinninga eftir alvarlega vinnutengda atburði (16). Vinnukúltúrinn hefur búið til staðalímynd hjá báðum kynjum um að harka af sér og sýna hvergi bilbug. Í nýlegri heimildarmynd um sjálfsvíg innan íslenska lögregluliðsins (17) sagði langreyndur lögreglumaður til dæmis að enn væri tekið til marks um vanmátt að viðurkenna veikleika á örlagastundum.

Lögreglan stendur hins vegar oft andspænis alvarlegum atburðum sem geta reynt mjög á andlegt og tilfinningalegt þrek. Hún er fyrst á vettvang alvarlegra slysa, heimilisofbeldis og sjálfsvíga, sem stundum varða börn eða unglinga. Meðal þungbærustu streituvalda eru afskipti af svæsnu ofbeldi gegn börnum. Ef lögreglumaður sem ítrekað á ferlinum stendur frammi fyrir voveiflegum atburðum byrgir tilfinningar sínar inni og leitar ekki stuðningsúrræða getur það haft veruleg og margvísleg streituáhrif innan heimilis, einkum á makann, sem í ljósi rannsókna má ætla að oft lendi í hlutverki áfallaráðgjafans (16).

Nýmæli, sem felst í sérstökum „viðrunarfundum" innan lögreglunnar í kjölfar alvarlegra atburða er mikilvægt skref til að breyta þessum viðhorfum. Tölur um þá sem nýta sér sálfræðiþjónustu á vegum lögreglunnar benda til þess að vinnumenningin sé farin að viðurkenna þær áskoranir sem starfinu fylgja (18).

## Streituáhrif á börnin

Litlar beinar rannsóknir á börnum hafa verið gerðar á áhrifum af streitu sem tengist starfi lögregluforeldris. Þau dylja oft tilfinningaólgu sem skapast í kjölfar erfiðleika foreldris, beinlínis til að auka ekki álagið á það. Í bandarískum skýrslum um vinnutengd streituáhrif á börn lögreglumanna er bent á að í alvarlegum tilvikum áfallastreitu þar sem foreldrið




glímir við mikla erfiðleika geta streitueinkennin yfirfærst á barnið (19). Streitueinkennin geta birst í ofvirkni, auknum gráti, námsörðugleikum í skóla, missi svefns og matarlystar, og leitt til átröskunarsjúkdóma (20).

Börn, líkt og makar, búa oft við kvíða vegna hættunnar sem tengist starfi pabba eða mömmu. Þótt foreldrar geri sér far um að draga úr henni í samtölum eru börn stöðugt minnt á hana gegnum fréttir fjölmiðla og afþreyingarefni, til dæmis tölvuleiki sem stundum byggjast á ofbeldistengdu lögreglueflni. Til barna lögreglumanna eru oft gerðar aðrar hegðunarkröfur en annarra barna, bæði heima og í skóla. Sum svara því með einhvers konar uppreisn, sem getur leitt til sambúðarerfiðleika á heimilinu. Þegar athygli fjölmiðla beinist að lögreglunni með neikvæðum hætti geta börnin orðið skotspónn umhverfisins og lent í einelti (15).

## Kjarni máls

Í stuttu máli, þá hafa erlendar rannsóknir sýnt að streita sem tengist starfi lögreglunnar smitar yfir mörk starfs og einkalífs. Hún getur haft veruleg áhrif á líðan og velferð fjölskyldna sem henni tengjast. Eins og rakið er í þessari grein hafa rannsóknir leitt í ljós að streita er líka vandamál meðal íslenskra lögreglumanna. Þær sýna að allt að tíundi hver lögreglumaður gæti þurft á sálrænum úrræðum að halda. Í því ljósi er líklegt að margar fjölskyldur lögreglumanna hér á landi gætu haft verulegan ávinning af leiðum sem beita má gegn streituáhrifum starfsins. Hingað til hafa þó engar rannsóknir verið gerðar hér á landi á þessum áhrifum starfsins á fjölskyldur. Það er því tímabært að ráðast í þær svo þróa megi úrræði sem kunna að auka velferð lögreglumanna, maka þeirra og barna. Ég áforma að skoða m.a. slík úrræði við vinnslu BA-verkefnis míns í félagsráðgjöf við HÍ.

> „Börn, líkt og makar, búa oft við kvíða vegna hættunnar sem tengist starfi pabba eða mömmu

**Heimildir:**


1. Qureshi, H., Lambert, E., Keena, L. og Frank, J. (2016). "Exploring the association between organizational structure, variables and work on family strain among Indian police officers". Criminal Justice Studies, Vol.13 No.4. 555-574.

2. Niederhoffer, A. og Niederhoffer, E. (1977). The police family. Lexington books.

3. Maynard, P.E. og Maynard, N.W. (1982). Stress in police families: Some policy implications. J. Police Sci. Admin. 10. 302-314.

4. Alexander, D. A, and Walker, L. G. (1996). The perceived impact of police work on police officers' spouses and families. Stress Medicine, vol.12, 239-246.

5. Karaffa, K., Openshaw, L., Koch, J., Clark, H., Harr, C. and Stewart, C. (2015). Perceived impact of police work on marital relationships. The Family Journal, 23(2), 120–131. https://doi.org/10.1177/1066480714564381

6. Sadulski J. (2017). Managing police stress to strengthen relationships at home. Sótt af https://www.police1.com/american-military-university/articles/managing-police-stress-to-strengthen-relationships-at-home-EZsGK2lQ4uxdcWH1/

7. Ólafur Örn Bragason og Ólafur Kári Júlíusson (2008). Könnun á streitu og líðan lögreglumanna. Ríkislögreglustjórinn (2008).

8. Guðrún Sesselía Baldursdóttir (2017). Starfsumhverfi lögreglumanna. Ríkislögreglustjórinn, 2017. Sótt af: https://www.vinnueftirlit.is/media/alagogfjolgunslysahjalogreglunni/Slys-og-alag-a-logreglu.pdf

9. Stefanía Hildur Ásmundsdóttir (2017). PTSD Symptoms amongst Icelandic Police Officers: The Effect of Social Support and Resilience. BSc-ritgerð í sálfræði við HR.

10. Bjarki Oddsson, Bryndís Jóhannesdóttir og Kolbrún Bergmann Gilsdóttir (2017). Einn síns liðs. Streita, bjargráð og öryggistilfinning á meðal lögreglumanna á fámennum starfsstöðum. BA-ritgerð í lögreglu- og löggæslufræðum. Félagsvísindadeild. Háskólinn á Akureyri.

11. Rannveig Ágústa Guðjónsdóttir (2014). Upplifun karla innan lögreglunnar af vinnumenningu lögreglunnar. Sótt af: https://dev.logreglan.is/wp-content/uploads/2014/12/Upplifun-karla-með-al-lögreglumanna-af-vinnumenningu-lögreglunnar_lokaeintak.pdf

12. Ólafur Örn Bragason, Guðbjörg S. Bergsdóttir, Rannveig Þórisdóttir, og Jón Óttar Þórisson. (2007). Ofbeldi gegn lögreglumönnum. Rannsókn á reynslu lögreglumanna og tilkynntum brotum. Ríkislögreglustjórinn (2007).

13. Guðmundur Kjerúlf (2017). Álag og fjölgun slysa hjá lögreglunni. Ráðstefna Vinnueftirlitsins, Ríkislögreglustjóra, Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, Landsambands lögreglumanna og Innanríkisráðuneytisins. Grand Hótel, 15. Mars 2017. Sótt af: https://www.vinnueftirlit.is/media/alagogfjolgunslysahjalogreglunni/Gudmundur-Kjerulf-.pdf

14. Margrét Valdimarsdóttir (2020). VIÐHORF TIL LÖGREGLU Könnun á viðhorfum landsmanna til aðgerða vegna COVID-19 og annarra starfa lögreglunnar. Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.

15. Miller, L. (2007). Police families: Stresses, syndromes, and solutions. The American Journal of Family Therapy, 35, 21-40.

16. Milliard, B. (2020). Utilization and Impact of Peer-Support Programs on Police Oficers'mental health. Frontiers in Psychology.

17. Sunna Karen Sigurþórsdóttir. (2021, 21. maí). Vill skylda alla lögreglumenn til að sækja sálfræðiþjónustu. Visir.is. Sótt af https://www.visir.is/g/20212112807d

18. Ríkislögreglustjóri. (2020). Sótt af: https://www.logreglan.is/wp-content/uploads/2020/11/Arsskyrsla-RLS-2019_skja.pdf

19. Arrendondo, R., Shumway, S.T., Kimball, T.G., Dersch, C.A., Morelock, N. og Bryan, L. (2002). Law enforcement and correlations family support: Final report of the development and evaluation of a stress management program for officers and their spouses. Document No. 197900. U.S. Department of Justice. Sótt af: https://www.ojp.gov/pdffiles1/nij/grants/197900.pdf

20. Bond,M. (2014). https://exclusive.multibriefs.com/content/children-of-the-badge-the-impact-of-stress-on-law-enforcement-children/mental-healthcare





# VIÐ ÓSKUM LÖGREGLUMÖNNUM VELFARNAÐAR Í STARFI

**REYKJAVÍK**
A. Margeirsson ehf
A. Wendel ehf
Auglýsingastofan ENNEMM
Áman ehf
Ásbjörn Ólafsson ehf
Bakarameistarinn ehf
BBA FJELDCO ehf
Ber ehf
Betri bílar ehf, s: 568 1411
Bifreiðastillingar Nicolai
Bifreiðaverkstæði Svans ehf
Birtingur ehf
Bílahöllin-Bílaryðvörn hf
Bílamálun Sigursveins Sigurðssonar
Bílaréttingar og bílasprautun Sævars ehf
Bílasalan Heimsbílar ehf
Bílasmiðurinn hf
Bílrúðan ehf
BK kjúklingar
Blómatorgið ehf
Bonafide lögmenn ráðgjöf sf
Bókhaldsstofa Haraldar slf
Brúnás innréttingar
Brúskur hársnyrtistofa, s: 587 7900
BSR ehf
Dental stál ehf
Draupnir lögmannsþjónusta ehf
Drífa efnalaug og þvottahús
Dýraspítalinn Víðidal ehf
Eðalbílar ehf
Efling stéttarfélag
Englabörn
Felgur smiðja ehf
Fínka ehf, málningarverktakar
Fjárhald ehf
Flügger ehf
Fótógrafí ehf
Fylkir ehf
Gagnaeyðing ehf
Garðs Apótek
GB Tjónaviðgerðir ehf
Gilbert úrsmiður-www.jswatch.com
Gjögur hf
Globus hf
Grænn markaður ehf
Gullsmiðurinn í Mjódd
Hagi ehf-Hilti
Hagkaup
Hamborgarabúlla Tómasar
Hamborgarabúlla Tómasar - Við erum öll jöfn
Hárgreiðslustofan Aþena
Hárlausnir ehf
Hársnyrtistofan Aida
Hereford Steikhús ehf
Herrahúsið - Adam
Hilmar D. Ólafsson ehf
Hitastýring hf
Hornið veitingastaður
Hókus Pókus ehf
Hótel Frón ehf
Hótel Leifur Eiríksson ehf
Hótel Óðinsvé
Hreyfimyndasmiðjan
Hugvit hf
Húsalagnir ehf
Höfðabílar ehf
Höfðakaffi ehf
Inter ehf
Íhlutir ehf
Íslenska Gámafélagið ehf
Íslenska lögfræðistofan
Ísloft blikk- og stálsmiðja ehf
Ís-spor ehf
Járn og gler hf
Jónar Transport hf
K. H. G. Þjónustan ehf
K·R·S·T Lögmenn
Kári Arnórsson ehf, byggingarverktaki
Kemi ehf-www.kemi.is
Kjöthöllin ehf
Klettur - sala og þjónusta ehf
KOM almannatengsl
Kría Hjól, hjólaverkstæði og verslun
Kvika Grafísk hönnun
Kvikk Þjónustan ehf
Kælitækni ehf
Lagahvoll slf
Lagaþing sf
Landhelgisgæsla Íslands
Landsnet hf-www.landsnet.is
Landssamtök lífeyrissjóða
Lifandi vísindi
Linde Gas ehf
Listvinahúsið, leirkerasmíði
Ljósboginn ehf
Ljósmyndastofa Erlings
Logoflex ehf
Lögfræðistofa Reykjavíkur ehf
Lögfræðiþjónusta Sigurðar Sigurjónssonar hrl
Lögmenn Lækjargötu ehf
Lögreglufélag Reykjavíkur
Lögvörn ehf
Marport ehf
Matthías ehf
Málarameistarar ehf
Mokka-Espresso-Kaffi
MS Armann skipamiðlun ehf
Múlakaffi
Múlaradíó ehf
Múrarameistarafélag Reykjavíkur
Nauthóll bistro
Neytendastofa
NORDIK lögfræðiþjónusta
Nortek ehf
Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins
O K varahlutir ehf
Olíudreifing ehf
Orka ehf
Ósal ehf
Pétur Stefánsson ehf
Pixel ehf
Profil Optik
Promennt ehf
Prófílstál ehf
Rafeindastofan ehf
Rafiðnaðarsamband Íslands
Raflax ehf
Rafstjórn ehf
Rafsvið sf
Raftíðni ehf
Rafval sf
RARIK
Rásin sf, rafverktaki
Reykjafell hf
Reykjavik Residence Hotel
Rikki Chan ehf
Rima Apótek
Samsýn ehf
Seljakirkja
Shalimar, Pakistanska veitingahúsið
SHV pípulagningaþjónusta ehf
Sigurjónsson & Thor ehf
Skipamiðlarar ehf
Skipaþjónusta Íslands ehf
Skorri ehf
Skotfélag Reykjavíkur
SM kvótaþing ehf
Snóker- og Poolstofan
Sprinkler pípulagnir ehf
Stál og stansar ehf
Stálbyggingar ehf
STEF - Tónlist er mikils virði
Stjörnuegg hf
Stólpi Gámar ehf
Styrja ehf
Suzuki á Íslandi
Svarta Kaffið kaffihús
Sögn ehf, Blueeyes Productions
Söluturninn Vikivaki
Tannsmiðjan Króna sf
Tark - Arkitektar

# Á lögreglu-stöðinni í Pósthússtræti fyrir 55 árum

eftir Þorstein Skúlason



**Þorsteinn Skúlason**

MYND: DAVÍÐ ÞÓR

Vorið 1966 réðst ég til starfa í lögreglunni í Reykjavík sem sumarafleysingamaður og var ég þar einnig við störf sumurin 1967 og 1969. Tvö fyrri sumurin var ég gerður út frá lögreglustöðinni í Pósthússtræti bæði á dagvakt og næturvakt en síðasta sumarið frá nýju lögreglustöðinni við Hverfisgötu á dagvakt. Á þessum árum var lögreglustjóri Sigurjón Sigurðsson.

Til að byrja með var ég látinn gangast undir læknisskoðun hjá lögreglulækninum, Karli Jónssyni, sem var bróðir Ríkarðs myndskera og Finns listmálara og hafði læknastofu á Túngötu. Ég fullnægði heilbrigðisskilyrðum og hæðarskilyrðinu sem þá var enn við lýði og var 178 cm en ég var 185 cm.

Þá var ég undirbúinn af yfirlögregluþjónum, bæði bóklega og verklega.

Mér var afhent mappa með ýmsum gögnum, þar á meðal lögum og reglum sem ég skyldi kynna mér, svo sem lögreglusamþykkt, umferðarlögum, lögum um meðferð opinberra mála og almennum hegningarlögum. Yfirlögregluþjónarnir Bjarki Elíasson og Óskar Ólason og Guðmundur Hermannsson aðstoðaryfirlögregluþjónn önnuðust hinn bóklega undirbúning og fór hann fram í einkatímum.

### Línurnar lagðar

Sigurður Móses Þorsteinsson aðstoðaryfirlögregluþjónn sá um hinn verklega undirbúning sem fór fram í æfingabúðum lögreglunnar á Suðurnesi á Seltjarnarnesi. Hann var meðal annars fólginn í gönguæfingum, þar á meðal að ganga í takt, ég man eftir þessu hoppi sem önnur löggan tók til þess að ná taktinum einkum þegar farið var út af lögreglustöðinni; lögreglukveðju, sem er að bera hægri hönd að húfuderi og kölluðu menn það að gefa riddara, þyrftu menn að halda á einhverju skyldu menn nota vinstri höndina til þess; um-hæl-snú-æfingum en sú aðferð var notuð við liðsuppröðun og fleiri formleg tækifæri; umferðarstjórn á gatnamótum; handtökuæfingum, þar á meðal notkun handjárna; kylfuæfingum, meðal annars hvar mætti veita högg með kylfunni, ofan á enni, utan á öxl og utan á læri. Nú mun bannað að beina höggi að höfði manna. Þá fór Sigurður með okkur í gömlu sundlaugarnar í Laugardal til þess að kanna sundkunnáttu okkar, þar á meðal björgunarsund.

Einnig fjallaði Sigurður um ýmis mál svo sem þéringar, tóbaksnotkun, skegg- og hárafar og aðkomu á vettvang. Um þéringar sagði hann að við skyldum þéra alla nema strætisvagna- og leigubílstjóra þar sem þeir myndu reikna okkur það til stertimennsku. Menn mættu ekki reykja á almannafæri en taka í nefið svo lítið bæri á. Skegg og mikið hár væri ekki viðeigandi og talaði einn varðstjórinn um að hægt væri að teyma menn áfram á skegginu. Ekki karpa við fólk. Ef taka þyrfti á mönnum skyldi gera það snöggt og hiklaust en ekki byrja með neinu káfi.

Ég fór í klæðaverslun Andrésar á Laugavegi til þess að láta sauma á mig lögreglubúning og eitt af því sem athuga þurfti var hvort buxnaklaufin ætti að vera með tölum eða rennilás. Margir eldri lögreglumenn vildu heldur tölurnar, töldu rennilás ekki nægilega öruggan í sviptingum. Ég valdi rennilás þar sem klæðskerinn sagði hann nægilega góðan. Lögregluhúfuna fékk ég hjá P. Eyfeld, húfugerð og herraverzlun, Laugavegi 65. Takið eftir setunni, þá var ekki enn búið að útrýma henni.



> Mörg útköllin á næturvakt voru vegna ölvunaróláta í heimahúsum

### Prúðbúinn lögregluþjónn númer 142

Á þjóðhátíðardaginn 17. júní 1966 kom ég síðan í fyrsta sinn á götuna í lögreglubúningi þeirra tíma sem var ærið sparilegur og líkastur viðhafnarbúningi og bar ég númerið 142. Var ég útbúinn með flautu, handjárn og kylfu en annan sérstakan lögreglubúnað hafði ég ekki, enginn fjarskiptabúnaður eða piparúði. Það var skylda að hafa þennan búnað alltaf en flestir báru þó ekki kylfu á daginn, þar á meðal ég. Þar sem mikið var um handstjórnaða umferð á daginn báru menn þá hvíta létta umferðarstjórnarkylfu og höfðu hvítt belti í stað svarts með skábelti yfir öxl og var kylfan hengd í beltið. Enn fremur hafði ég á mér litla skrifblokk og penna, sektahefti fyrir umferðarlagabrot, dírkara til að opna hurðaskrár og svöðusárabindi, hið síðastnefnda kom reyndar síðar til.

Ég var síðan aðra hverja viku á dagvakt og hina á næturvakt en aldrei á morgunvakt. Dagvakt var frá hádegi til kl. 20 en þá hófst næturvakt sem stóð til kl. 3 eða 6 til skiptis aðra hverja nótt. Störfum var þannig háttað að menn voru til skiptis tvo klukkutíma úti á varðsvæði eða í lögreglubíl og einn klukkutíma inni á lögreglustöðinni til þess að vera til taks í útköll eða gera lögregluskýrslur um atburði á vaktinni og enduðu allar skýrslur svona: „Þetta tilkynnist yður hér með, hr. lögreglustjóri. Virðingarfyllst.“ Síðan kom nafn og númer lögreglumanns.

### Sá með lægsta númerið stjórnaði

Næturvaktin hófst alltaf með formlegri liðsuppröðun þar sem menn stóðu í réttstöðu en einn liðsmanna boðaði komu aðalvarðstjóra sem heilsað var með lögreglukveðju. Aðalvarðstjórinn kannaði liðið, meðal annars hvort búningar væru snyrtilegir, húfukollar hvítir og hreinir og skór, sem skyldu vera svartir, væru vel burstaðir, hafði síðan nafnakall og tilkynnti hverjum og einum um varðstöðu hans. Var á þessu nokkur hermennskubragur. Varðsvæði gangandi lögreglumanna voru ýmsir hlutar miðbæjarins, til dæmis Hverfisgata-Laugavegur, Lækjargata, Austurstræti og höfnin, og voru tveir saman á næturvakt en einn á dagvakt. Á næturvakt voru tveir lögreglubílar með fangaplássi aftur í, Austurbær og Vesturbær. Í hvorum bíl voru venjulega þrír menn og var bílstjórinn stjórnandi og næstráðandi sá hinna tveggja sem bar lægra númer en almenna reglan var sú að sá réði sem bar lægsta númerið ef enginn yfirmaður var á vettvangi. Einnig var stöðvarbíllinn, sem var jeppi, til taks. Stundum var einn fólksbíll í viðbót. Verkefni á dagvakt voru meðal annars varðganga á varðsvæðum og umferðarstjórn á ýmsum gatnamótum í miðbænum, einkum Kalkofnsvegi-Tryggvagötu en þar var stöðug umferðarstjórn allan daginn. Verkefni á næturvakt voru meðal annars varðganga á varðsvæðum og eftirlit og útkallsþjónusta á bifreiðunum Vesturbær og Austurbær.

Mörg útköllin á næturvakt voru vegna ölvunaróláta í heimahúsum, einkum þar sem hjón eða sambúðarfólk varð ósátt. Kom þá alloft til þess að vista þyrfti manninn í fangageymslu ef ekki náðist að koma á sátt með fólkinu en lögreglumenn lögðu sig sérstaklega fram við sáttaumleitanir og voru margir þeirra mjög lagnir við þær. Þess má geta að sálfræðingurinn Ólafur Gunnarsson frá Vík í Lóni lauk opinberlega lofsorði á lögregluna fyrir framgöngu hennar í þessum málum.



Þorsteinn Skúlason í lögreglubúningi 1967.



**Ég var bæjarfógeti í Neskaupstað 1978–1988**
Hér er ég með lögreglumönnum staðarins, Finnboga Birgissyni til vinstri og Sigurjóni Jónssyni varðstjóra til hægri.

### Saltið inn af varðstofunni

Húsnæði lögreglunnar í Pósthússtræti var þannig háttað að á tveimur efri hæðunum voru skrifstofur. Í kjallaranum var meðal annars fangageymsla sem ekki stæðist nútímakröfur, ólykt, allt of litlir klefar og óviðunandi salernisaðstaða. Geymslan var eingöngu til vara þegar hér var komið sögu og þurfti sjaldan að nota hana en aðalfangageymslan var inni í Síðumúla. Á jarðhæðinni voru lögregluvarðstofan og varðstjóraherbergið og smáklefi inn af því sem kallaður var Saltið og var notaður til þess að stinga slompuðum mönnum inn í meðan þeir

væru að ná áttum svo varðstjóri gæti rætt við þá. Sumarið 1967 var komin skrifstofa fyrir aðalvarðstjóra inn af varðstjóraherberginu en þar hafði áður verið aðstaða fyrir slysarannsóknardeild. Á jarðhæðinni var og setustofa lögreglumanna ásamt litlu vélritunarherbergi með hálfónýtum ritvélaræksnum. Salerni voru þar tvö, rónaklósett og salerni lögreglumanna sem alltaf var læst og þurfti að fá lykil hjá stöðvarmanni til þess að nota það. Pisseríið var öllum opið. Setustofan sneri út að Pósthússtræti með tveimur gluggum. Meðfram veggjum voru gerviefnisklæddir harðir setbekkir með baki, sem gerðu gljáa á buxnarassinn, og borð á miðju gólfi. Í þessari setustofu fór fram liðsuppröðun og nafnakall á vaktaskiptum dagvaktar og næturvaktar. Sumarið 1967 var kominn þarna veitingaskenkur með veitingakonu þar sem fá mátti kaffi og meðlæti, gosdrykki, sælgæti og þess háttar gegn vægu gjaldi.

**Dugnaður og drengskaparheit**

Sumarafleysingamenn í lögreglunni voru einkum barnakennarar og stúdentar. Hygg ég að yfirleitt hafi þessir menn reynst vel. Þann 17. júní 1967 vorum við allmargir sumarafleysingamenn kallaðir fyrir Sverri Guðmundsson, aðstoðaryfirlögregluþjón umferðardeildar, til þess að tilkynna okkur um varðsvæði okkar og hóf hann mál sitt á því að segja hvað hann væri guðs lifandi feginn að hafa okkur til verka því að þessir gömlu kallar á hans aldri væru svo latir að það væri til vandræða auk þess sem þeir hlýddu illa fyrirmælum. Reyndar viðhafði Óskar Ólason yfirlögregluþjónn svipuð ummæli í ríkisútvarpið, sem var þá eina útvarp landsmanna, þar sem hann sagði eitthvað á þá leið að afleysingamennirnir væru sínir bestu menn en varð svo að draga þetta að einhverju leyti til baka þegar félag lögreglumanna mótmælti þessum ummælum.

Sumarið 1967 var ég látinn vinna lögregluheitið ásamt nokkrum öðrum. Var það allhátíðleg athöfn sem fór fram á skrifstofu lögreglustjóra þar sem hann lét menn vinna heitið í viðurvist yfirlögregluþjóna. Samkvæmt lögum um meðferð opinberra mála nr. 82/1961 var þetta heit svofellt: „Því heiti ég og legg við drengskap minn og heiður, að lögreglumannsstarfa minn skal ég rækja með kostgæfni og samviskusemi í hvívetna og vinna að því eftir fremsta megni að halda uppi stjórnarskrá lýðveldisins og öðrum lögum þess."

**Lærdómsríkt starf**

Haustið 1967 þegar leið að embættisprófi í lögfræði átti ég eftir að ljúka hálfum mánuði af tveimur í námsvist á lögfræðistofnun en



Þetta gamla hús við Pósthússtræti varð síðar lögreglustöð.

> Ökumaður bifreiðarinnar var Ólafur Ragnar Grímsson

hún var skilyrði fyrir því að mega ganga til embættisprófs. Ég hafði í huga að byrja þá próflestur en mér fannst sem slík vist myndi trufla mig við lesturinn. Hugkvæmdist mér þá að leita til forseta lagadeildar, Ólafs Jóhannessonar, síðar forsætisráðherra, og fara þess á leit við hann að vist mín í lögreglunni yrði metin sem nægjanleg námsvist að því er varðaði þennan hálfa mánuð er á vantaði. Hann tók erindi mínu vel og sagðist skyldu bera þetta undir samkennara sína. Skömmu síðar tilkynnti hann mér að þetta hefði verið samþykkt. Hér var brotið í blað þar sem starf götulögregluþjóns var metið svo að það mætti vera hluti þessarar námsvistar. Sjálfum finnst mér að það hafi verið á við gott háskólanám að kynnast þessu starfi og reyndum lögreglumönnum sem ég virti mikils og lærði ég margt af þeim og fleira en við kom starfinu sjálfu.

Einn þeirra lögreglumanna sem ég kynntist var Lárus Salómonsson en hann var mjög fróður um kveðskap og kveðskaparhætti auk þess sem hann var meistaraskytta. Hann var á yngri árum mikill glímumaður og varð þrisvar sinnum glímukonungur Íslands. Hann var maður afrendur að afli og voru margar sögur sagðar af kröftum hans. Einhvern tíma var ég skráður á varðsvæðið Hverfisgata-Laugavegur með honum. Barst þá talið að dróttkvæðum hætti og þar sem ég var tiltölulega nýútskrifaður stúdent gat ég komið með þokkalega gáfulegar athugasemdir og spurt nokkuð sæmilega. Þegar varðgöngu þessari var að ljúka sagði Lárus að það væri munur að ganga hér með mér og ræða kveðskap heldur en með hinum sem hefðu ekkert vit á þessu. Var Lárusi alltaf vel til mín eftir þetta. En ég átti einnig eftir að hafa samskipti við hann á skotvopnasviðinu. Þannig var að þegar ég var löglærður fulltrúi sýslumannsins í Árnessýslu árið 1968 var Lárus fenginn til þess að halda skotvopnanámskeið fyrir lögregluna þar og tók ég þátt í þessu námskeiði. Var um að ræða kennslu í meðferð skotvopna almennt og skotfimi bæði með kíkisriffli og skammbyssu. Á ég skotskífu þar sem ég hafði með kíkisriffli hitt fimm sinnum í miðpunkt skífunnar í jafnmörgum skotum. Lárus var svo ánægður með þetta hjá mér að hann áritaði skífuna og gaf mér. Öðrum þátttakendum voru eitthvað mislagðar hendur. Lárus lagði mikla áherslu á gætilega meðferð skotvopna og sagði að við ættum aldrei að miða á mann nema við ætluðum að skjóta á hann.

## Minnisstæðar uppákomur úr starfinu

Hér á eftir mun ég greina frá einstökum atvikum í þessu lögreglustarfi mínu sem orðið hafa mér minnisstæð:

**Fyrsta vaktin**

Að kvöldi 17. júní 1966, dagsins sem ég kom fyrst á götuna sem lögreglumaður, var svolítið óeirðasamt í miðbænum og var brotin stór rúða í Haraldarbúð við Lækjargötu. Var ég settur til að gæta þess að enginn færi í gegnum gatið. Var ég einn við þessa gæslu og stóð þarna innan um glerbrotin og leist illa á verkefnið en það fór allt vel þótt einhverjir sýndu áhuga á að fara þarna inn.

**Einn gegn kraftamanni**

Fyrsta handtaka mín fór fram með þeim hætti sem nú skal greina: Snemma á minni fyrstu næturvakt fór ég í útkall ásamt tveimur



reyndum lögreglumönnum upp í Hlíðar en þar hafði verið kvartað undan ölvuðum manni. Þegar við komum á vettvang var þar fullur maður á miðri götu og var það landskunnur afreks- og kraftamaður. Samreiðarmenn mínir sögðu mér að fara út og handtaka hann. Ég var vanur að hlýða yfirmönnum, hafði ekki uppi mótmæli og fór út úr bifreiðinni og gekk aðeins í átt til mannsins og staðnæmdist í hæfilegri fjarlægð. Sagði ég honum að mér hefði verið tjáð að ég ætti að handtaka hann og kom hann með það sama og ég opnaði afturdyr bifreiðarinnar en hann fór inn og settist og ég á eftir og fékk mér sæti við afturdyrnar. Á eftir sögðu félagar mínir að þeir hefðu sent mig vegna þess að hefðum við farið allir út úr bifreiðinni samtímis hefðum við þurft að slást við manninn en hann hreyfði sig aldrei gegn einum og allra síst nýliða. Undir morgun þessa sömu nótt áttum við erindi í Síðumúlafangelsið. Þá var maðurinn kominn á ról og drakk kaffi með fangavörðum. Var ég þá settur til þess að tefla við hann en hann hafði mjög gaman af að tefla og kom stundum á lögreglustöðina í þeim erindum og dugðu ekki gegn honum nema bestu skákmenn lögreglunnar.

**Handtekinn við höfnina**

Ég man eftir fyrstu handtökunni sem ég framkvæmdi einn míns liðs. Þá var ég á dagvakt á varðsvæði mínu við höfnina og var nýkominn á vettvang þar sem unnið var við uppskipun. Þá vöktu verkamennirnir athygli mína á drukknum manni sem var að áreita þá við vinnuna. Fór ég til og sneri í snatri upp á handlegg mannsins og sveigði aftur fyrir bak og rak hann þannig á undan mér upp á lögreglustöð. Bað ég hann að vanda sig við göngulagið því ef honum fataðist það væri hætta á að hann dytti og handleggsbrotnaði. Þegar kom að Tryggvagötu stöðvuðu bifreiðar á ferð í báðar áttir greiðlega fyrir okkur enda hefur vegferð okkar eflaust þótt nokkuð tilkomumikil sjón mitt í gráum hversdagsleika umferðarinnar.

**Síflautandi ökumaður**

Eitt sinn skömmu fyrir miðnætti var síflautandi fólksbifreið ekið upp að lögreglustöðinni og kom ökumaður hennar inn í varðstofuna og bað um aðstoð við að stöðva flautið og var orðið greiðlega við þeirri beiðni. Ökumaður bifreiðarinnar var Ólafur Ragnar Grímsson, síðar forseti Íslands. Skýrði hann svo frá að hann hefði nýlega verið lagstur til svefns á heimili sínu í Vesturbænum þegar hann hefði vaknað við að bifreið sín hefði flautað án afláts. Þar sem sér hefði ekki tekist að stöðva flautið hefði hann ekki séð sér annað vænna en að aka bifreiðinni á lögreglustöðina og leita á náðir lögreglunnar til þess að stöðva hávaðann.

**Tilkynning um skothríð**

Á næturvakt var ég sendur í útkall upp á Hverfisgötu ásamt tveimur reyndum lögreglumönnum. Hafði verið kvartað um skothríð í húsagarði þar. Þegar á staðinn var komið sagði bílstjórinn mér að fara inn í portið og athuga hvort nokkur væri að skjóta þar og gerði ég það. Skimaði ég þar upp um alla glugga en sá engan skotmann og heyrði því síður skot. Kom mér þá í hug að ég væri þarna ansi gott skotmark sjálfur með hvítan húfukollinn í næturhúminu. Og þar sem ég hafði lokið erindi mínu kom ég mér á braut og skýrði félögum mínum frá því að engan hefði ég fundið skotmanninn. Á þessum árum var engin vopnuð sérsveit komin á laggirnar.

**Glíma við hnífamann**

Að kvöldi dags var kvartað undan manni sem væri að ógna fólki í miðbænum með hníf. Var ég ásamt öðrum manni sendur á vettvang. Þegar við komum út var maðurinn í Hafnarstræti rétt við lögreglustöðina og skiptum við liði, félagi minn kom aftan að manninum og náði góðu taki á honum en ég kom framan með honum og sneri hnífinn úr höndum hans og skar mig við það lítillega á hendi.

**Kona flutt á Klepp**

Ég var sendur ásamt tveimur öðrum í lögreglubíl til að flytja konu frá geðdeildinni á Flókagötu inn á Klepp. Við fórum inn allir þrír. Það vakti undrun mína hvað geðlæknirinn og hjúkrunarkonan, sem tóku á móti okkur, voru bráðlát um flutninginn. Okkur var vísað inn til konunnar og var hún grátandi og kveinaði að hún vildi ekki fara á Klepp. Við reyndum að tala hana til og kom það af einhverjum ástæðum aðallega á mig. Á meðan á því stóð spurðu skötuhjúin fyrrnefndu hvers vegna við færum ekki strax með konuna. Svaraði ég því til að við hefðum ekki áhuga á því að flytja hana nauðuga. Ekki vakti það svar hrifningu þeirra. En bráðlega fór að rætast úr þessu. Ég útskýrði fyrir konunni hvað Kleppur væri og hún mætti ekki láta nafnið á þessu sjúkrahúsi villa sér sýn. Þá spurði ég hana hvort hún vildi endilega vera þarna hjá þessu æsta fólki. Svaraði hún því neitandi. Þá sagði ég að Kleppur gæti varla verið verri og samsinnti hún því og féllst á að koma með okkur. Fluttum við hana síðan á Klepp þar sem vel var tekið á móti henni.



Sigurjón Sigurðsson lögreglustjóri.



Sigurður Móses Þorsteinsson aðstoðaryfirlögregluþjónn.



Lárus Salómonsson lögregluvarðstjóri.



Bjarki Elíasson yfirlögregluþjónn.

**Tekist á við risa fyrir utan Klúbbinn**

Ég minnist útkalls á skemmtistaðinn Klúbbinn vegna ölvaðs manns. Með mér voru bifreiðarstjórinn, gamalreyndur lögreglumaður en þó á besta aldri, og yngri maður, afleysingamaður og landskunnur tugþrautarkappi. Þegar komið var á staðinn stóð maðurinn, sem var risi að vexti, við rimlaverk þar og hélt sér í það með báðum höndum. Varð mér hugsað til þess að erfitt gæti orðið að losa kreppta fingur hans af rimlunum en foringja okkar tókst að telja hann á að sleppa þessu taki og fallast á að koma til viðtals út í lögreglubílinn. Þegar kom nær útidyrum tók maðurinn að ókyrrast en þó hafðist að fá hann út úr húsinu. Þá tók foringinn umsvifalaust haustak á risanum og fleygði sér til jarðar með hann en við yngri mennirnir fórum í að handjárna kappann og tókst það eftir smá bras. Ég missti af mér einkennishúfuna og skoppaði hún í burtu en piltur nokkur tók hana upp og færði mér. Þarna vorum við allir þrír uppteknir við einn mann og enginn til að verja okkur við verkið en sem betur fór var þetta í miðri viku og fámennt á staðnum og lítil sem engin ölvun.

*Þessi minningaþáttur er að hluta saminn upp úr litlu erindi sem ég flutti í kveðjuhófi 28. janúar 2011 sem Stefán Eiríksson lögreglustjóri hélt mér þegar ég hætti störfum á ákærusviði lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu og til voru boðnir auk samverkamanna minna hjá embættinu fyrrverandi lögreglustjóri, Böðvar Bragason, og fyrrverandi ríkissaksóknari, Bogi Nílsson.*




Frá æfingu lögreglunnar í maí árið 2021. Sprengjusérfræðingur lögreglunnar, íklæddur sprengjugalla, tekst á við heimatilbúna æfingasprengju MYND: LÖGREGLAN

# Sprengjusérfræðingar lögreglunnar

Á næsta ári verða liðin fjörutíu ár frá stofnun sérsveitar ríkislögreglustjóra en innan deildarinnar starfa sprengjusérfræðingar lögreglunnar. Í dag lætur nærri að sprengjusérfræðingarnir sinni sprengjutengdu verkefni tvisvar til þrisvar í mánuði að jafnaði, þegar horft er áratug aftur í tímann. Heimatilbúnar sprengjur eru meginviðfangsefni sprengjusérfræðinga lögreglunnar. Hér verður saga sprengjusérfræðinga lögreglunnar rakin í stuttu máli og meðal annars farið yfir hvernig starfið, menntun þeirra og búnaður hefur þróast frá stríðstímum og með tilkomu sérsveitarinnar.

Sprengjusérfræðin spannar mjög vítt svið sem gerir það að verkum að nær ómögulegt er fyrir einn og sama einstaklinginn að læra og vinna við alla þætti sviðsins. Þættirnir eru rúmlega tíu talsins og ýmist miðaðir að störfum herja, lögreglu og sérsveita eða öðrum löggæslustofnunum, bæði á sjó og landi. Þá er engin ein stofnun eða embætti hér á landi sem getur haldið úti öllum þeim viðbúnaði sem til þarf á landi og sjó með tilheyrandi mannskap, búnaði, þjálfun og réttarheimildum svo veita megi fullnægjandi þjónustu við borgara landsins og staðið við þjóðréttarlegar skuldbindingar sem íslenska ríkið hefur undirgengist. Er því mikilvægt að opinberar löggæslustofnanir vinni náið saman og myndi heildstæða lausn gagnvart þeim áskorunum sem upp kunna að koma.

Eftirfarandi er stutt skýring á tveimur, af þeim rúmlega tíu þáttum, sem sprengjusérfræðin spannar, sem hér er starfað við hér á landi sem og erlendis. Eru þættirnir annars vegar hernaðartengdir, hér eftir skammstafað EOD, og hins vegar lögregluverkefni, hér eftir skammstafað IEDD.

EOD er ensk skammstöfun sem stendur fyrir „Explosive Ordnance Disposal“ og er það sá þáttur sprengjusérfræðinnar þar sem meðferð og eyðing hernaðarsprengja og annara slíkra hernaðarhluta á sér stað eða hreinsun gamalla hersvæða.

IEDD er ensk skammstöfun sem stendur fyrir „Improvised Explosive Device Disposal“, eða eyðing heimatilbúinna sprengja. Er það borgaralegur þáttur sprengjusérfræðinnar þar sem grunur er um brot á lögum, svo sem tilbúningur, varsla eða meðferð á heimatilbúinni sprengju eða ólögmæt eða röng meðferð á annars löglegu sprengiefni. IEDD-lögreglustarfið snýst í grunninn um að tryggja aðstæður þar sem ólögmæt sprengjuógn er til staðar og koma aftur á eðlilegu ástandi ásamt því að varðveita sönnunargögn við vinnslu málsins.

Heimatilbúnar sprengjur, sem á ensku bera heitið „Improvised Explosive Devices“, hér eftir skammstafað IED´s, eru ólöglegar sprengjur samkvæmt vopnalögum og lúta þær engum öryggisviðmiðum eða stöðlum og eru ekki búnar til af lögmætum framleiðanda sem til þess hefur sérstakt leyfi – ólíkt sérstaklega verksmiðjuframleiddum hernaðarsprengjum sem með fylgja leiðbeiningar um virkni og umgengni, ásamt handbókum og þar til gerðri EOD-sprengjuþjálfun.

Eru EOD- og IEDD-sprengjusérfræðiþættirnir því tvö aðskilin fræði, störf og ábyrgðarsvið, rétt eins og smiður er ekki ▶



Rekstrarvörur
– fyrir þig og þinn vinnustað
Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík
Sími: 520 6666 • sala@rv.is • rv.is
RV
netto
Sensa
By Crayon
SECURITAS
SJÓVÁ
SMYRIL LINE CARGO
Sveitarfélagið ÁRBORG
vodafone
Tambi ehf.
þakpappalagnir
Tapas barinn
VAKA
Veðurstofa Íslands
vís
N1
112
EINN EINN TVEIR



# 3 sprengjur við olíu-stöðina í Skerjafirði

**7 sprengjur, þar af 3 virkar fundnar við Reykjavík á mánuði, 4 á Reykjanesskaga**

Síðasta mánuðinn hefir Þorkell Steinsson lögregluþjónn eyðilagt ekki færri en sjö sprengjur, sem leynzt hafa hér í bænum eða í nágrenni hans síðan á hernámsárunum, og reyndust þrjár þeirra virkar. En fjórar, sem fundizt hafa suður á Reykjanesskaga, á hann eftir að eyðileggja.

Skjáskot af timarit.is. Grein úr Tímanum í nóvember árið 1950 um þrjár sprengjur sem fundust við olíustöðina í Skerjafirði. Sprengjunum var eytt af sprengjusérfræðingi lögreglunnar.



Skjáskot af timarit.is. Frétt á Vísi í september árið 1976 þar sem Rúdólf var við sprengjueyðingu við Eskifjörð MYND: JÓN ÓLAFSSON



Mynd úr Lögreglumanntalinu, bls. 304. Ljósmynd af Evald Karl Mads Christensen (fyrir miðju), sprengjusérfræðingi í lögreglunni í Neskaupstað. Á myndinni eru einnig tveir breskir hermenn. Evald starfaði í lögreglunni frá árinu 1937 til 1966. Hans meginviðfangsefni var eyðing tundurdufla frá stríðsárunum. Myndir og texti úr Lögreglumanntalinu eru birt með leyfi höfunda.

> „Annars eru sumar sprengjurnar óvirkar, sem jeg fæst við. Aðrar finnast aldrei, þótt nokkurnveginn sje vitað, hvar þær eru

rafvirki – þótt báðar starfsgreinar teljist til iðngreina. Hér á landi, líkt og í allflestum öðrum löndum, er það lögreglan sem tekst á við heimatilbúnar sprengjur (IED´s) þar sem grunur er um brot á vopnalögum eða öðrum lögum í borgaralegu umhverfi. Öðru máli gegnir um átakasvæði og þar sem stríðsástand ríkir, þar fara herir gjarnan með þann þátt löggæslunnar.

### Saga sprengjusérfræðinga íslensku lögreglunnar

Saga sprengjusérfræðinga íslensku lögreglunnar nær aftur til loka seinni heimsstyrjaldarinnar. Var það árið 1945 sem Þorkell Steinsson, þriðji lögregluvarðstjóri (í dag aðstoðarvarðstjóri) á svokallaðri Magnúsarvakt á lögreglustöðinni í Pósthússtræti, lærði sprengjueyðingar af bandarískum sérfræðingum sem sendir voru hingað til lands þá um sumarið. Eftirfarandi er bein tilvitnun í skrif blaðamanns Morgunblaðsins sem merkti grein sína frá 28. september árið 1950 með upphafsstöfunum G.J.A. (eða Á, gamalt blað skannað inni á timarit.is). Í greininni ræðir blaðamaðurinn við Þorkel um sprengjur og sprengjueyðingar;

„Annars eru sumar sprengjurnar óvirkar, sem jeg fæst við. Aðrar finnast aldrei, þótt nokkurnveginn sje vitað, hvar þær eru. Þannig var það á Akranesi 1945. Þetta var í júlímánuði, og hjer voru á ferðinni tveir bandarískir sjerfræðingar, sem sendir voru land úr landi, til þess að eyða sprengjum. Þeir komu hingað frá þýskalandi, og mjer var falið að vera með þeim. Jeg ferðaðist með þeim um sumarið og lærði að eyða sprengjum. Jeg aflaði mjer nauðsynlegustu verkfæra og fór svo að eins og þeir. Þá vissi jeg, að mjer mundi vera óhætt.“

Sumarið 1945 varð Þorkell þar með fyrsti formlega þjálfaði sprengjusérfræðingur Íslendinga sem starfaði við slíkt hjá opinberri löggæslustofnun, nánar tiltekið hjá lögreglunni í Reykjavík. Þorkell fór reyndar víða um land vegna sprengjueyðinga og var það gjarnan fyrir tilstilli Stjórnarráðsins sem Þorkell var sendur milli embætta til að sinna slíkum verkefnum. Lögreglustjórar virðast gjarnan hafa haft samband við Stjórnarráðið til að leita eftir miðlægri aðstoð. Finna má allnokkrar greinar og viðtöl á timarit.is við Þorkel vegna starfa hans við sprengjueyðingar frá árinu 1945 og fram undir 1964, þegar hann hætti í lögreglunni vegna aldurs, þá aðalvarðstjóri í Síðumúlafangelsinu.

Samkvæmt Lögreglumanntalinu, bókin Lögreglan á Íslandi, stéttartal og saga gefin út árið 1997, starfaði einnig lögreglumaður að nafni Evald Karl Mads Christensen við sprengjueyðingar eftir að hafa sótt þrjú námskeið þess efnis til Reykjavíkur, en Evald hlaut íslenskan ríkisborgararétt árið 1944. Sjá www.althingi.is/altext/63/s/pdf/0437.pdf, nafn hans þar er reyndar Evald Mads Karl Christensen.

Evald hóf störf upphaflega sem eini lögreglumaðurinn í Neskaupstað árið 1937. Þó ekki sé nákvæmlega vitað hvenær hann fór á námskeiðin til Reykjavíkur, eða hvort hann lærði hjá hermönnum sem þar voru og/eða Þorkeli, þá starfaði hann við eyðingarn- ▶



Skjáskot af timarit.is. Viðtal í Morgunblaðinu í september árið 1950 við Þorkel Steinsson, sprengjusérfræðing hjá lögreglunni í Reykjavík. MYND: ÓL.K.M




# VIÐ ÓSKUM LÖGREGLUMÖNNUM VELFARNAÐAR Í STARFI

TBG ehf
THG Arkitektar ehf
Tónastöðin ehf
Tösku- og hanskabúðin ehf
Úðafoss ehf, efnalaug
Útfaraþjónusta Rúnars Geirmundssonar
Útgerðarfélag Reykjavíkur hf
Vagnar og þjónusta ehf
Varmi ehf
VDO ehf
Velmerkt ehf
Verkfræðistofan Víðsjá ehf
Verkfærasalan ehf
Verslunin Vínberið
Vesturröst-Sérverslun veiðimanna
Vélar og verkfæri ehf
Vélsmiðja Einars Guðbrandssonar sf
Virkjun ehf
Vitabar, veitingahús
Víkurós ehf, bílamálun og réttingar
VOOT ehf
Vottunarstofan Tún ehf, vottun sjálfbærra náttúru nytja
Vörubílastöðin Þróttur hf
Wurth á Íslandi ehf
Yndisauki ehf
Z - brautir og gluggatjöld
Þ.G. verktakar ehf
Þorsteinn Bergmann ehf
Þrír Frakkar hjá Úlfari, veitingahús
Ökuskólinn í Mjódd ehf

**SELTJARNARNES**
Horn í horn ehf, parketlagnir

**VOGAR**
Sveitarfélagið Vogar

**KÓPAVOGUR**
Alhliða pípulagnir sf
AP varahlutir ehf
Arnardalur sf
Ásborg slf
Baader Ísland ehf
Bak Höfn ehf
Bifreiðastillingin ehf
Bílamarkaðurinn
Bílhúsið ehf
Bíljöfur ehf, gul gata
Bílstál ehf
Blikksmiðjan Vík ehf
Cafe Catalina
Fagtækni ehf
Fríkirkjan Kefas
GG Sport
H. Hauksson ehf
Hagblikk ehf
Hefilverk ehf
Hvellur-G. Tómasson ehf
Höll ehf
Iðnaðarlausnir ehf
Ísnes ehf, heildverslun
Kjöthúsið ehf
Kraftvélar ehf
Lakkskemman ehf
Litalausnir málningarþjónusta ehf
Lín design
LK pípulagnir ehf
Loft og raftæki ehf
Lögmenn Kópavogi
MHG verslun ehf
Ólafssynir ehf
Pottagaldrar ehf
Pústþjónusta Bjarkars ehf
RadioRaf ehf
Rafbreidd ehf, heimilistækjaviðgerðir
Rafvirkni ehf
Reyk- og eldþéttingar ehf
Reykofninn ehf-www.reykofninn.is
Saumastofa Súsönnu
Suðurverk hf
Sælgætisgerðin Freyja ehf
Tengi ehf
Tern Systems ehf
Topplagnir ehf
Úrval útsýn - Sumarferðir
Vatn ehf
Vatnsborun ehf
Vetrarsól ehf, verslun
Zenus - sófar & gluggatjöld

**GARÐABÆR**
AKS viðskipti ehf
AÞ-Þrif ehf
Elektra ehf
Fjallatindar ehf
Garðabær
Geislatækni ehf - Laser þjónustan
Hagráð ehf
Húsamálun ehf
Krókur
Loftorka Reykjavík ehf
Læknatorg sf
Nýþrif - ræstingaverktaki ehf
Rafboði
Rafþjónustan slf
Samhentir-Kassagerð hf
Vélsmiðja Guðmundar ehf

**HAFNARFJÖRÐUR**
Aflhlutir ehf
Altis ehf
Apótek Hafnarfjarðar
Ás, fasteignasala ehf
Barkasuða Guðmundar ehf
Blikkhella ehf
Bortækni ehf
Bókhaldsstofan ehf
Danco - Daníel Pétursson ehf
Donna ehf
Efnalaugin Glæsir
Eldvarnarþjónustan ehf
EÓ-Tréverk sf
Fjarðarmót ehf
Flúrlampar ehf
G.S. múrverk ehf
Geymsla Eitt ehf
Hafnarfjarðarhöfn
Hagtak hf
HB búðin
Heimir og Jens ehf
Hlaðbær-Colas hf, malbikunarstöð
ihverslun.is
Ísfell ehf
Kjötkompaní ehf
Lögmenn Thorsplani sf
Markus Lifenet, björgunarbúnaður
Nonni Gull
Rafgeymasalan ehf
Rúnir verktakar ehf
SIGN ehf, skartgripaverkstæði
Skerpa renniverkstæði
Stoðtækni ehf
Strendingur ehf
Sæblik ehf - Holtanesti
Tannlæknastofa Harðar V Sigmarssonar sf
ThorShip
Trefjar ehf
Trésmiðjan okkar ehf
Úthafsskip ehf
Vélrás bifreiða- og vélaverkstæði
Vélsmiðja Konráðs Jónssonar sf
Víðir og Alda ehf
Vökvatæki ehf
Þvottahúsið Faghreinsun

**REYKJANESBÆR**
Bílar og Hjól ehf
Bílaver Ák ehf
Bílaverkstæði Þóris ehf
Bílrúðuþjónustan ehf
Bókhalds- og rekstrarþjónusta Gunnars Þórarinssonar



Sprengjusérfræðingur lögreglunnar að störfum við Stjórnarráðið í janúar árið 2012. Lögreglan kallaði sprengjusérfræðinga Landhelgisgæslunnar sér til aðstoðar í málinu, en mikilvægt er að opinberar löggæslustofnanir sameini krafta sína þegar svo ber undir svo tryggja megi borgurum landsins fullnægjandi öryggis- og þjónustustig. MYND: LÖGREGLAN

ar allt til ársins 1960. Nánar tiltekið var ábyrgðarsvæði hans vegna sprengjueyðinga frá Hornafirði austur á Borgarfjörð eystri og sá hann einna helst um eyðingu tundurdufla.

Hér á eftir er hluti af áhugaverðu viðtali við Evald sem kemur fram á blaðsíðum 304-5 í Lögreglumanntalinu (myndir og texti eru birt með leyfi höfunda). Í viðtalinu er meðal annars rætt við Evald um starfið við sprengjueyðingar;

„Þú átt við duflin, já. Það var enginn sem vildi taka það að sér að eyða duflunum. Það var búið að auglýsa í blöðunum og enginn kom. Svo ég sagði bara við fógetinn: - Það er þá best að ég fari bara og læri þetta af því að það er fullt af þessu hérna inni í fjörðunum. Hann tók það með þakklæti og þá fór ég bara á námskeið hér í Reykjavík. Fór á þrem námskeiðum. Nú, svo átti ég svæðið frá Hornafirði til Seyðisfjarðar, en var sendur hingað og þangað um landið til þess að eyða duflum. Það lengsta sem ég fór var í Selvoginn. Þar rak dufl upp undir vegginn á Strandarkirkju. Það var send flugvél eftir mér prívat.

Hvernig stóð á því - höfðu þeir ekki menn fyrir sunnan? Það var þýskt dufl. Það var enginn sem þorði að eyðileggja það. En Pálmi heitinn Loftsson, forstjóri Ríkisskips, hann hringdi til mín. Ég sagðist skyldi reyna að eyðileggja duflið með því að draga það út á sjó og þar ætlaði ég að skjóta það niður. Jú, hann ætlaði að senda bátinn til að draga út duflið, en ég fékk mér bílstjóra suður í Selvog. Þegar við komum að duflið, þá liggur það upp við steinvegginn við kirkjuna. Ég hugsaði með mér, að það hlýtur að vera eitthvað að duflinu, fyrst það er búið að berjast þarna við vegginn án þess að springa. Það er best að skoða þetta. Tekur þar planka og velti honum við. Þá er eitt lok farið af, og þetta sem sé ónýtt dufl. Ég smeygði bara hendinni inn og tók hvellhettuna úr. Það er alveg eins og ensku duflin. Og svo kveikti ég í því.“

Þá má einnig finna fréttir á timarit.is um störf Evalds við sprengjueyðingarnar.

Það var svo árið 1968 að Rúdólf Axelsson, þá lögregluflokkstjóri, var sendur af Sigurjóni Sigurðssyni lögreglustjóra í Reykjavík til Danmerkur til að nema sprengjusérfræði hjá danska hernum. Rúdólf hafði verið á vakt með áðurnefndum Þorkeli, eða frá árinu 1957 þegar Rúdólf hóf störf í lögreglunni. Finna má fréttir á timarit.is um störf Rúdólfs vegna sprengjueyðinga frá fyrri árum.

Í samræðum greinarhöfunda við Rúdólf kvaðst hann hafa verið kallaður til vegna málsins í mulningsvél Sementsverksmiðjunnar og strax farið upp á Akranes og kannað aðstæður. Vegna þeirrar sprengjuþjálfunar sem hann hafði hlotið hjá danska hernum nokkrum árum áður var hann fljótur að átta sig á að um sinnepsgassprengjur var að ræða. Hann greip tafarlaust til viðeigandi ráðstafana, sem meðal annars fólu í sér að upplýsa sjúkrahúsið sem tók við mönnunum fjórum hvers eðlis málið var. Var því hægt að veita viðeigandi meðferð á sjúkrahúsinu og tryggja rétta læknisþjónustu við eitruninni frá sinnepsgasinu, en áhrif frá slíku eitri geta reynst lífshættuleg.

Rúdólf rifjar einnig upp þegar hann hafi í símtali rætt við sérfræðingana frá varnarsvæðinu Keflavíkurflugvelli sem getið er um í blaðagreininni um sinnepsgassprengjurnar. Hafi þeir í raun ekki trúað honum að um sinnepsgassprengjur væri að ræða, þar sem þeir töldu að engar slíkar sprengjur væri að finna á Íslandi eða við strendur þess. Rúdólf stóð hins vegar fastur á sínu mati, sem reyndist rétt og komu sérfræðingarnir ásamt lækni frá varnarsvæðinu honum til aðstoðar.

Þegar þessi grein var tekin saman en ekki ljóst hver eða hvort einhver hafi verið formlega menntaður sprengjusérfræðingur í lögreglunni eftir að Þorkell og Evald hættu og þar til Rúdólf fór í nám. Hugsanlegt er að lærlingar eða aðstoðarmenn innan lögreglunnar hafi verið til staðar frá um það bil árinu 1964 þegar Þorkell hætti í lögreglunni og þar til Rúdólf kom úr námi frá Dönum 1968. Námið tók rúmlega fjóra mánuði.



Sinnepgassprengja lenti í mulningsvél Sementsverksmiðjunnar:

**Fjórir eru á sjúkrahúsi með brunasár eftir gasið**

OÓ—Reykjavík.

Fjórir menn liggja á sjúkrahúsi í Reykjavík illa brenndir af völdum sprengiefnis, sem lak úr sprengju, sem lenti í mulningsvél í Sementsverksmiðjunni á Akranesi. Tvær sprengjur komu upp með skeljasandi, sem dælt var upp úr Faxaflóa, og lentu í mulningsvélinni. Sú fyrri fannst s.l. laugardag en náðist heil og var sprengd s.l. miðvikudag; hin fannst á mánudag, og var sú brotin og lak sprengiefni úr henni. Er talið að það sé sinnepsgas, sem veldur slæmum brunasárum, sé það snert, eða gufu af því andað að sér.

Mennirnir fjórir, sem brenndust, vöruðust ekki hve skaðvænlegt efnið er. Héldu þeir að það væri smurolía eða eitthvað henni líkt, og hreinsuðu það úr mulningnum. Í fyrstu fundu þeir ekki til brunans, en um nóttina fór efnið að virka, og eru mennirnir brenndir á höndum, fótum og andliti.

Talið er að komizt sé fyrir frekari bruna á mönnunum, og eru þrír þeirra við sæmilega heilsu, en einn er verst brenndur, en þó ekki lífshættulega. Sprengisérfræðingur lögreglunnar í Reykjavík og þrír sérfræðingar og læknir af Keflavíkurflugvelli voru kvaddir á staðinn. Vinna þeir enn að eyðingu efnisins í Sementsverksmiðjunni, og leitað er að fleiri sprengjum í skeljasandshaugnum.

Sprengisérfræðingurinn úr Reykjavík og tveir lögregluþjónar frá Akranesi fóru með heilu sprengjuna upp fyrir bæinn, og þar var hún sprengd með dynamíti. Þá var ekki vitað að um sinnepsgas var að ræða. Fóru mennirnir allir að sprengjugígnum strax eftir að sprengjan var eydd, og hafa þeir allir verið teknir í læknis-

Frh á bls. 19

Skjáskot af timarit.is. Frétt í Tímanum í febrúar árið 1972 þar sem Rúdólf var við sprengjueyðingu á Akranesi. Þar höfðu tvær sinnepsgassprengjur komið upp í mulningsvél Sementsverksmiðjunnar og sprakk önnur þeirra í vélinni.



**4 tundurdufl gerð óvirk á Austurlandi.**

Í júlímánuði s. l. gerði Evald Christensen frá Neskaupstað óvirk 2 tundurdufl í Breiðdalsvík, eitt í Berufirði og eitt í Papey. Allt voru þetta brezk segulmögnuð tundurdufl.

Skjáskot af timarit.is. Frétt í Þjóðviljanum í september árið 1947 þar sem sprengjueyðingar Evalds í júlí það ár eru taldar upp, fjórar samtals þann sumarmánuðinn.

Hernaðarsprengjur voru sum sé helstu viðfangsefni og verkefni sprengjusérfræðinga lögreglunnar á árum áður. Sammerkt er með ofangreindum sprengjusérfræðingum að til þeirra verka hlutu þeir EOD-menntun og -þjálfun (meðferð og eyðing hernaðarsprengja), hvort heldur lögreglumennirnir lærðu það hér á landi eða fóru utan. Samkvæmt blaðagreinum sem finna má á timarit.is var einna helst um að ræða tundurdufl, fallbyssukúlur, flugvélasprengjur og þá einnig svokallaðar eldsprengjur. Þá tókust sprengjusérfræðingarnir einnig á við heimatilbúnar sprengjur, að því marki sem þau fræði (IEDD) voru til á árum áður.

Þá má geta þess að IEDD-aðferðafræðin eins og hún er þekkt í dag hjá lögregluyfirvöldum, sem og nám og búnaður til að takast á við heimatilbúnar sprengjur varð til og þróaðist í hinum vestræna heimi að miklu leyti hjá breska hernum þegar átökin við IRA (Irish Republican Army) hófust á Norður-Írlandi á sjöunda áratugnum. Þar áður tókust sprengjusveitir á við heimatilbúnar sprengjur (IED´s) með EOD-hernaðarfræðinni eða frekar vanþróuðum aðferðum og þar af leiðandi gjarnan í mikilli nálægð við sprengjurnar sjálfar með tilheyrandi hættu fyrir sprengjusérfræðinginn – meðan þróunin hjá breska hernum var að koma upp aðferðum og búnaði til að gera IED´s óvirkar úr öruggri fjarlægð. Var það meðal annars gert með notkun vélmenna og sérstakra vatnsbyssa sem hægt er að festa á þau.

Fyrsta sprengjueyðingarvélmennið var hannað af Lieutenant-Colonel Peter Miller árið 1972, en Miller var yfirmaður í breska hernum. Fyrsti „búnaðurinn“ sem festur var á vélmenni til að nota gegn heimatilbúnum sprengjum og eyða þeim var haglabyssa. Það var heldur vanþróuð aðferð sem hentaði illa til að eyða sprengjunum með öruggum hætti. Voru því svokallaðar vatnsbyssur fljótlega þróaðar, en þær þykja enn þann dag í dag mjög árangursríkar til að takast á við IED´s.

IEDD-sprengjusérfræðin er þannig töluvert yngri fræði en EOD-hernaðarfræðin, sem hún er sprottin upp úr. Lýsandi er fyrir hversu ólíkir þessir tveir þættir sprengjusérfræðisviðsins eru þegar EOD-hernaðarfræðin dugði ekki til svo gera mætti IED´s óvirk með öruggum hætti. Þróa þurfti aðra tegund sprengjusérfræði og aðferðir, það er IEDD-sprengjusérfræðina.

IEDD-sprengjusérfræðin hefur í gegnum árin verið löguð mjög að borgaralegum störfum og þeim sprengjuverkefnum sem þekkt eru hjá lögregluyfirvöldum í hinum vestræna heimi. Aðferðir sem viðgangast hjá herjum á átakasvæðum myndu seint ganga og varla eiga við hjá lögreglu sem er við störf í borgaralegu umhverfi.

### Sérsveit lögreglunnar og menntun sprengjusérfræðinga

Sérsveit lögreglunnar var stofnuð 19. október árið 1982 af Sigurjóni Sigurðssyni lögreglustjóra, en þar til hún var stofnuð sinnti fyrrnefndur Rúdólf einn starfi sprengjusérfræðings lögreglunnar frá árinu 1968. Árið 1983 hóf sérsveitin að senda tiltekna lögreglumenn sína til breska hersins til að nema IEDD-sprengjusérfræðina (eyðing heimatilbúinna sprengja). Kennarar í því námi voru hermenn með reynslu frá Norður-Írlandi eftir átök við IRA.

Arnór Sigurjónsson (óskyldur áðurnefndum Sigurjóni), þá aðstoðaryfirlögregluþjónn og yfirmaður sérsveitarinnar, var sá fyrsti úr sérsveitinni sem sótti IEDD-nám til breska hersins. Var þetta meðal annars liður í verkefnum sveitarinnar á sviði hryðjuverkavarna, en þegar Arnór var sendur til IEDD-náms varð í raun ákveðin stefnu- eða áherslubreyting í menntunar- og þjálfunarmálum hjá lögreglunni í þessum efnum og verður fjallað stuttlega um það seinna í greininni.

Frá árinu 1983 hafði lögreglan því yfir fleiri sprengjusérfræðingum að ráða en áður og svo vitnað sé í orð Arnórs sem fram koma í kaflanum um sérsveit lögreglunnar í Reykjavík í Lögreglumanntalinu; „hefur sá þáttur starfsins alla tíð verið unninn í góðri samvinnu við sprengjusérfræðinga Landhelgisgæslunnar“. Á því hefur ekki orðið breyting. Um árabil sinnti Rúdólf áfram starfi sprengjusérfræðings ásamt lögreglumönnum í sérsveitinni. Rúdólf lét af störfum í lögreglunni árið 2003, þá aðalvarðstjóri.

Frá árinu 1945 tókst lögreglan á við hernaðarsprengjur sem voru leifar frá stríðsárunum og veru herja hér á landi – það breyttist árið 1983 þegar lögreglan hætti slíku og hóf að beina sjónum sínum að heimatilbúnum sprengjum þar sem grunur var um brot á lögum.

Enn þann dag í dag er það sérsveitin sem heldur úti sprengjusérfræðingum lögreglunnar. Nýtist það fyrirkomulag vel, bæði vegna þess öryggis- og þjónustuhlutverks sem lögreglan og sérsveit hennar gegna í þágu borgaranna og hins opinbera, sem og vegna starfsemi og hlutverks sérsveitarinnar sjálfrar. Þegar þessi grein er skrifuð, sumarið 2021, eru starfandi sjö IEDD-sprengjusérfræðingar hjá sérsveit ríkislögreglustjóra ásamt því að vera með tvo sprengjuleitarhunda. Þá hefur hinn formlegi skóli sérfræðinganna færst frá breska hernum til kanadíska lögregluháskólans.

Sérsveitin hóf að senda tiltekna lögreglumenn til Kanada í IEDD-nám árið 2014 og hætti þar með að sækja námið til breska hersins. Var þetta meðal annars liður í að sækja menntun á þessu sviði til stofnunar sem liggur nær eðli lögreglustarfsins sem og að auka við menntunarstigið, en sérsveitin fylgir sömu námslínum og kanadíska lögreglan og sérsveitir hennar þegar kemur að sprengjusérfræði. Nánar tiltekið starfar sérsveitin samkvæmt námslínum kanadísku riddaralögreglunnar, Royal Canadian Mounted Police (RCMP), en kanadíski lögregluháskólinn og sprengjudeild hans eru tiltekið svið undir RCMP.

IEDD-námið í lögregluháskólanum er borgaralega miðað og ætlað til að takast á við ólögmæta sprengjuógn (IED´s) í borgum og bæjum þar sem grunur er um refsiverða hegðun. Þá er námið ekki miðað að hernaðargögnum né störfum á hernaðarsvæðum. Þó er vel þekkt að lögreglumenn erlendis séu bæði EOD- og IEDD-menntuð ►




Frá æfingu lögreglunnar í apríl 2021. MYND: LÖGREGLAN

aðir. Við þau tilvik hafa lögreglumennirnir hlutverk í sínu heimalandi að takast á við og hreinsa upp hernaðarsprengjur frá stríðstímum í ofanálag við að takast á við sakamálahluta sprengjusviðsins, IEDD.

Til glöggvunar veitir EOD-hernaðarnámið ekki þjálfun eða réttindi til að takast á við heimatilbúnar sprengjur (IED´s), né veitir IEDD-námið þjálfun eða réttindi til að takast á við EOD-hernaðargögnin. Til frekari glöggvunar má segja að setja allt sprengjusérfræðisviðið sem í heildina spannar rúmlega tíu starfsþætti, undir einn hatt, væri svipað og að fella allar starfstegundir löggæslunnar (lögreglumenn, tollverði, fangaverði, starfsmenn Landhelgisgæslunnar og jafnvel fleiri starfsstéttir) undir einn hatt og segja – að einn og sami einstaklingurinn sé löggæslumaður og skuli því sjá um og starfa við alla þætti löggæslusviðsins – óháð eðli starfsins eða lögbundnu ábyrgðarsviði stofnana. Slíkt væri fjarri lagi og er mikilvægt að ekki sé gengið inn á eða raskað lögbundnu hlutverki stofnana byggt á víðtækri nálgun á orðinu sprengjusérfræðingur.

Námslínan hjá sprengjudeild kanadíska lögregluháskólans sem veitir IEDD-menntunina heitir PETC, Police Explosives Technicians Course. Lögreglumenn í sérsveit ríkislögreglustjóra sækja einnig aðrar námslínur sprengjudeildarinnar, ásamt því að sækja önnur sprengjunámskeið fyrir lögreglu utan kanadíska lögregluháskólans.

Heimatilbúnar sprengjur (IED's) eru þau viðfangsefni sem sérsveitin menntar sína lögreglumenn til að takast á við og varð því í raun ákveðin áherslubreyting í menntunarmálum sprengjusérfræðinga lögreglunnar við stofnun sérsveitarinnar. Því árið 1983, þegar fyrsti lögreglumaður sveitarinnar

Til útskýringa; Guli hringurinn á myndinni sýnir tvíþætt hljóðkerfi vélmennisins. Á vélmenninu eru einnig tveir armar og sýnir efri gula örin hægri arminn (vinstri séð frá lesanda), en á honum er kló sem meðal annars getur opnað dyr og tekið upp hluti. Á vinstri arminum (hægri séð frá lesanda) má sjá tvær vatnsbyssur standa út frá vélmenninu (með grænu og rauðu límbandi) og eru þær notaðar til að rjúfa heimatilbúnar sprengjur (IED´s). Neðri gula örin bendir á myndavél sem sýnir stjórnendum vélmennisins hvað blasir við því.

sótti sprengjueyðingarnám, var í raun í fyrsta skipti sem lögreglumenn voru sendir í formlegt IEDD-nám og þar að auki ekki til EOD-náms. EOD-hernaðarnámið hafði á árum áður verið eina formlega þjálfunin og námið sem lögreglan sótti á vettvangi sprengjusérfræðinnar.

Menntun sprengjusérfræðinga lögreglunnar, á vettvangi sérsveitarinnar, fór sem sagt í síauknum mæli að beinast að aukinni sérhæfingu, búnaði og getu til að takast á við heimatilbúnar sprengjur (IED´s). Var það ekki síður vegna fjölda sprengjuárása með slíkum sprengjum í löndunum í kringum okkur og fyrirferðar Rauðu herdeildarinnar eða Baader-Meinhof-hópsins á áttunda áratugnum. Var ljóst að lögreglan hér á landi gæti ekki verið berskjölduð og úrræðalaus gagnvart slíkri ógn og að viðbúnaður vegna heimatilbúinna sprengja þyrfti að vera til hér á landi. Í þessu samhengi verður seinna í greininni rifjað upp viðtal úr Morgunblaðinu frá árinu 1986 við Arnór Sigurjónsson, þá fyrrverandi aðstoðaryfirlögregluþjón og yfirmann sérsveitarinnar, og Gylfa Geirsson starfsmann Landhelgisgæslunnar.

Samhliða stofnun sérsveitarinnar var að auki tekið upp samstarf við Landhelgisgæslu Íslands þar sem lögreglan og Landhelgisgæslan hófu afar farsælt samstarf á sviði löggæslu- og öryggismála, meðal annars vegna sprengjuverkefna. Í dag er samstarfið bundið með formlegum samstarfssamningi sem gerður var árið 2006 milli Ríkislögreglustjóra og Landhelgisgæslunnar. 2006-samstarfssamningurinn var endurnýjun á eldri samstarfssamningi milli stofnananna frá árinu 1987 og er fjallað stuttlega um það tímabil síðar í greininni.

*Eitt af hlutverkum lögreglunnar er að takast á við heimatilbúnar sprengjur þar sem grunur er um brot á vopnalögum eða öðrum lögum.*

Samhliða samstarfi við Landhelgisgæsluna og í raun allt frá stofnun sérsveitarinnar hefur lögreglan getað einblínt á uppbyggingu viðbúnaðar til að takast á við heimatilbúnar sprengjur (IED´s) og þar sem grunur er um refsivert athæfi og brot á lögum. Slíkt er mikilvægt ekki síst vegna þróunar mála í löndum í kringum okkur, sem og vegna sprengjutengdra verkefna hér á landi, en um þau er fjallað stuttlega undir lok greinarinnar.

Þá er áratugalöng reynsla komin á samstarf lögreglunnar og Landhelgisgæslunnar og er mikilvægt að viðhalda því. Mikið öryggis- og þjónustuverðmæti er fólgið í því fyrir land og þjóð þegar þessi tvö embætti sameina krafta sína þegar slíkt reynist nauðsynlegt.

### Heimatilbúnar sprengjur og búnaður lögreglunnar

Búnaður lögreglunnar er meðal annars valinn með tilliti til þess að takast á við heimatilbúnar sprengjur og sprengjuástand þar sem grunur er um brot á lögum. Hefur sá búnaður einnig fjölþætta notkunarmöguleika hjá lögreglunni og sérsveit, ekki eingöngu til sprengjueyðinga.

Vélmenni lögreglunnar er dæmi um fjölþætta notkunarmöguleika á búnaði, en það er meðal annars notað við eyðingar á heimatilbúnum sprengjum. Vélmennið er einnig notað þar sem grunur er um að vopnaður einstaklingur hafi komið sér fyrir og er þannig til dæmis hægt að ræða við viðkomandi um tvíþætt hljóðkerfi þess. Vélmennið er ekki búið tækjum til að nota gegn fólki. Þá er einnig hægt að senda vélmennið til könnunar með mælitækjum á svæði sem talin eru óörugg mannfólki, svo sem ef eiturgös kunna að vera fyrir vegna eldgosa eða jarðhræringa eða þá hætta er á hruni bygginga. Vélmennið getur þrætt lautir og lægðir og þannig leitað eftir eiturgösum á svæðum sem drónar ættu erfiðara með að fara um. Þráðlaus drægni vélmennisins er um einn kílómetri – en ljóst er að vélmennið hefur fjölþætta notkunarmöguleika innan viðbúnaðarskipulags sérsveitarinnar ásamt því að nýtast við könnunar- og björgunarstörf og fleira.



Kaffitár
olís
park inn by Radisson
REYKJAVIK KEFLAVIK AIRPORT
PRIKIÐ
STOFNAÐ 1951
Marc O'Polo
HS VEITUR
Hvalur hf.
VÖRN
ÖRYGGISKERFI
WHITE ARCTIC
ÖRYGGIS MIÐSTÖÐIN
KFC
KRÓNAN
Landsvirkjun
FORTIS
Lögmannsstofa
LOPI
ÍAV
K.C.-MÁLUN.is
ups



Frá sprengjuverkefni lögreglunnar í maí 2021 á Njarðargötu, en tilkynnt hafði verið um grunsamlegan hlut
MYND: LÖGREGLAN

Áhugavert er að rifja upp viðtal við fyrrverandi yfirmann sérsveitarinnar, Arnór Sigurjónsson, og Gylfa Geirsson, starfsmann Landhelgisgæslunnar, þar sem blaðamaður Morgunblaðsins ræddi við þá í janúar árið 1986 í framhaldi af sprengjuverkefni sem komið hafði upp í Reykjavík skömmu áður. Þegar viðtalið var tekið starfaði Arnór sem varnarmálafulltrúi í utanríkisráðuneytinu en í viðtalinu kom meðal annars fram hvað það var sem vantaði svo lögreglan gæti tekist á við heimatilbúnar sprengjur (IED´s).

Þá kom einnig fram að ekkert af þeim búnaði sem nauðsynlegur er svo takast megi á við slíkar sprengjur hafi verið til hjá íslenskum yfirvöldum á þeim tíma. Er svo komið í dag að lögreglan hefur allan þann búnað sem nauðsynlegur er svo hún geti sinnt lögbundnu hlutverki sínu þegar grunur er um refsiverða hegðun eða tilbúning á ólögmætum sprengjum (IED´s).

Árið 1986 fóru lögreglumennirnir Jón Bjartmarz, þá aðalvarðstjóri, og Ólafur Egilsson lögregluflokkstjóri til IEDD-náms hjá breska hernum og bættust þar með í hóp sprengjusérfræðinga lögreglunnar. Fljótlega eftir það héldu Jón Bjartmarz og fyrrnefndur Gylfi Geirsson kynningu fyrir Jón Helgason þáverandi dómsmálaráðherra, sem og Böðvar Bragason lögreglustjóra og Gunnar Bergsteinsson, forstjóra Landhelgisgæslunnar. Í framhaldi kynningarinnar fékkst sérstök fjárveiting til kaupa á búnaði og var meðal annars keypt vélmenni, hlífðargalli og röntgentæki til gegnumlýsinga – en slíkur búnaður nýtist til að takast á við heimatilbúnar sprengjur.

Árið 1987 var undirritaður fyrsti samstarfssamningur lögreglunnar og Landhelgisgæslunnar á sviði löggæslu- og öryggismála þar sem stofnanirnar samþykktu gagnkvæma aðstoð við lausn verkefna á því sviði. Samstarf stofnananna er nú byggt á áðurnefndum 2006-samstarfssamningi og sameina þær krafta sína þegar á þarf að halda

**Fjöldi sprengjutengdra verkefna**




*2021 NÆR YFIR FYRSTU 6 MÁNUÐI ÁRSINS

til að takast á við hin ýmsu verkefni á sviði löggæslu- og öryggismála, á landi og sjó.

### Störf sprengjusérfræðinga lögreglunnar og tölfræði

Daglegt starf sprengjusérfræðinga lögreglunnar er að bregðast við og fara á vettvang komi upp sprengjuástand þar sem grunur er um refsivert athæfi eða heimatilbúnar sprengjur finnast. Samhliða því starfa sprengjusérfræðingarnir sem almennir lögreglumenn í sérsveit og sinna hefðbundnum verkefnum sveitarinnar og lögreglustörfum. Þjálfun þeirra og menntun nýtist bæði í tengslum við ábyrgðarsvið lögreglunnar til að takast á við heimatilbúnar sprengjur og ólögmæta hegðun meintra brotamanna, sem og innan sérsveitarinnar sjálfrar við margs konar sérhlutverk hennar.

Þá berast reglulega tilkynningar til sprengjusérfræðinga lögreglunnar um gömul hernaðargögn sem fundist hafa á víðavangi eða á þekktum æfingasvæðum herja sem hér höfðu viðveru. Er slíkum tilkynningum vísað til sprengjusérfræðinga Landhelgisgæslunnar til úrlausnar og er slíkt lýsandi fyrir hvar mörk sprengjusérfræðinga lögreglunnar liggja á sprengjusviðinu og gagnvart hernaðargögnum sem finnast á víðavangi. Þá aðstoðar lögreglan, og eftir atvikum sérsveitin, Landhelgisgæsluna við slík verkefni. Svo sem með að loka og rýma svæði sem undir eru, meðan sprengjusérfræðingar Gæslunnar eru þar að störfum.

Þá sjá sprengjusérfræðingar lögreglunnar um alla þjálfun og fræðslu lögreglunnar vegna ábyrgðarsviðs hennar gagnvart sprengjuatvikum þar sem grunur er um brot á lögum, allt frá verklagi við símsvörun, fræðslu lögreglunema og fyrstu viðbragða, vettvangsstjórnun og úrlausninni sjálfri (IEDD-síþjálfun). Þá aðstoða þeir rannsóknarlögreglu við vinnu á vettvangi þar sem sprenging hefur orðið.

Hér gefur svo á að líta fjölda sprengjutengdra verkefna hjá lögreglunni síðastliðin tíu ár. Verkefnin samanstanda af málum þar sem grunur er um brot á lögum eða tryggja þarf öryggi erlendra ráðamanna sem hingað koma í heimsókn. Nánar tiltekið eru verkefnin heimatilbúnar sprengjur (IED´s), ólögleg meðferð á sprengiefnum og hvellhettum, sprengjuhótanir, öryggisleitir og fleira.

Samanlagt hefur lögreglan þannig sinnt 301 sprengjutengdu verkefni frá árinu 2010 til miðs árs 2021. Er því ljóst að sprengjusérfræðingar lögreglunnar takast á við tvö til þrjú sprengjutengd verkefni að jafnaði í mánuði. Árið 2021 byrjar þó af heldur meiri krafti í þessum málaflokki og hafa verkefnin verið að meðaltali rúmlega fimm í mánuði fyrstu sex mánuði ársins.

*Sérsveit ríkislögreglustjóra, Sprengjusvið*



## VIÐ ÓSKUM LÖGREGLUMÖNNUM VELFARNAÐAR Í STARFI

Brunavarnir Suðurnesja
DMM Lausnir ehf
Hjólbarðaþjónusta Reykjaness
Hótel Keflavík ehf
Húsagerðin hf, trésmiðja
Kalka sorpeyðingarstöð sf
Kast.is
Kostur matvöruverslun
Lögmannsstofa Reykjaness
Plexigler ehf
Rétt sprautun ehf
Rörvirki sf, Lúðvík Gunnarsson
Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum
Skólar ehf
Soho veisluþjónusta
TM Bygg ehf
Toyota Reykjanesbæ

**GRINDAVÍK**
Bakaríið Hérastubbur ehf
Einhamar Seafood ehf
Grindavíkurbær
Lagnaþjónusta Þorsteins ehf
Stakkavík ehf
TG raf ehf
Verkalýðsfélag Grindavíkur
Vísir hf
Þorbjörn hf

**SUÐURNESJABÆR**
Aukin Ökuréttindi ehf
Lighthouse Inn
Suðurnesjabær
Verslunarfélagið Ábót
Völundarhús ehf

**MOSFELLSBÆR**
Álgluggar JG ehf
bilalokkun.is, kopsson.is
Blikksmiðjan Borg ehf
Bókhaldsþjónustan Rúnir ehf
Dalsgarður ehf, gróðrarstöð
Elektrus ehf - löggiltur rafverktaki
Fagverk verktakar sf
Gylfi Guðjónsson ökukennari, s: 6960042
Hestaleigan Laxnesi
Ísfugl ehf
Kjósarhreppur
Kopar & Zink ehf
Matfugl ehf
Mosfellsbakarí
Nonni litli ehf
Nýja bílasmiðjan hf
Rafís ehf

Spíssar ehf - stífluþjónusta
Útilegumaðurinn ehf
ÞÓB vélaleiga ehf
Öryggisgirðingar ehf

**AKRANES**
Bifreiðastöð Þórðar Þ. Þórðarsonar
Fasteignasalan Hákot
Grastec ehf
Smurstöð Akraness sf
Valfell fasteignasala
Vélaleiga Halldórs Sigurðssonar ehf
Ylur pípulagnir slf

**BORGARNES**
Bílabær sf, bifreiðaverkstæði
Borgarverk
Dýralæknaþjónusta Vesturlands ehf
Ensku húsin gistiheimili við Langá
Garðyrkjustöðin Laugaland hf
Golfklúbbur Borgarness
Nesafl sf
Sprautu- og bifreiðaverkstæðið Borgarness sf
Trésmiðja Pálma ehf Hálsaskóg Skorradal
Velverk ehf
Verkalýðsfélag Vesturlands

**STYKKISHÓLMUR**
Skipavík ehf

**GRUNDARFJÖRÐUR**
Þjónustustofan ehf

**ÓLAFSVÍK**
Ingibjörg ehf

**HELLISSANDUR**
Kristinn J. Friðþjófsson ehf
Snæfellsbær

**BÚÐARDALUR**
KM þjónustan, Bílaverkstæði og dráttarbílaþjónusta

**REYKHÓLAHREPPUR**
Þörungaverksmiðjan hf

**ÍSAFJÖRÐUR**
Akstur og löndun ehf
Bílasmiðja S.G.B. ehf
Húsið Ísafirði
Ís 47 ehf
Ísblikk ehf
SMÁ vélaleigan

**BOLUNGARVÍK**
Endurskoðun Vestfjarða ehf
Sigurgeir G. Jóhannsson ehf

**SÚÐAVÍK**
Súðavíkurhreppur

**PATREKSFJÖRÐUR**
Bifreiðaverkstæðið Stormur ehf.
Bílaverkstæðið Smur- og dekk
Oddi hf, fiskvinnsla-útgerð

**TÁLKNAFJÖRÐUR**
Bókhaldsstofan Tálknafirði
Tálknafjarðarhreppur
Þórsberg hf

**STAÐUR**
SG verkstæði ehf

**ÁRNESHREPPUR**
Árneshreppur – www.arneshreppur.is

**HVAMMSTANGI**
Húnaþing vestra

**BLÖNDUÓS**
Blönduósbær
Glaðheimar, sumar og gistihús opið allt árið
Húnavatnshreppur
Kjalfell ehf, s: 695 3363
Stéttarfélagið Samstaða

**SAUÐÁRKRÓKUR**
Dögun ehf
Efnalaug og þvottahús
K-Tak ehf
Steypustöð Skagafjarðar

**VARMAHLÍÐ**
Akrahreppur Skagafirði

**AKUREYRI**
Ásco ehf, bílarafmagn
Betra brauð veislubakstur
Bifreiðastöð Oddeyrar ehf
Bílapartasalan Austurhlíð
Bílasala Akureyrar ehf
Blikkrás ehf
Dekkjahöllin
Eining-Iðja
Framtal sf
Gróðrarstöðin Réttarhóll ehf-www.rettarholl.is
Íslensk verðbréf hf

## Mennta- og starfsþróunarsetur lögreglu:

# Hvað getum við gert fyrir ykkur?

Síðastliðin ár hefur Mennta- og starfsþróunarsetur lögreglu (MSL) lagt áherslu á uppbyggingu námsframboðs fyrir starfsfólk lögreglu. Í mennta- og starfsþróunarstefnu menntasetursins er lögð áhersla á að starfsmenn viðhaldi þekkingu sinni og við lítum á það sem hlutverk setursins að skapa tækifæri, umhverfi og námssamfélag í samvinnu við starfsfólk lögreglu. Eins og flestir þekkja þá er hlutverk Mennta- og starfsþróunarseturs lögreglu einkum þríþætt, a) að annast starfsnám lögreglufræðanema, b) að bjóða upp á sér- og símenntunarnámskeið fyrir starfsfólk lögreglu og c) að annast alþjóðleg samskipti á sviði menntamála lögreglu, m.a. samstarf við Evrópska lögregluskólann (CEPOL), Norrænu lögregluskólana (NORDCOP) og Landamærastofnun Evrópu (FRONTEX). Hlutverk menntasetursins er því að skapa námstækifæri fyrir lögreglumenn allan starfsferilinn.



Frá undirritun samningsins við CEPOL. Samningurinn gefur starfsfólki íslensku lögreglunnar möguleika á að fara í skiptinám.

Námsframboð MSL byggir á þarfagreiningu þar sem tekið er mið af löggæsluáætlun, tillögum lögreglustjóra og árlegri könnun meðal lögreglumanna. Í löggæsluáætlun 2019-2023 er sett fram almenn framtíðarsýn lögreglu þar sem áhersla er lögð á vel menntað, vel þjálfað og samhæft lögreglulið gegni löggæsluhlutverki sínu í þágu samfélagsins. Sérstök áhersluatriði samkvæmt löggæsluáætlun eru svo að auka þekkingu á mansali, hatursglæpum, tölvu- og netglæpum og landamæravörslu. Þá er áhersla á að tryggja þurfi vönduð vinnubrögð lögreglu í samskiptum við almenning, m.a. með aukinni menntun og fræðslu, sérstaklega hvað hópa í viðkvæmri stöðu varðar. Við erum alltaf tilbúin að hlusta á þarfir lögreglunnar og hvetjum áhugasama að láta okkur vita hvernig við getum mætt þörfum hennar starfssviðs. Nýleg starfsgreining sem unnin var í tengslum við nýgerða kjarasamninga lögreglu verður okkur án efa mikilvægt innlegg í frekari þarfagreiningu á námsframboði okkar.




### Uppbygging námsframboðs fyrir starfsfólk lögreglu

Mennta- og starfsþróunarsetur lögreglu hefur einbeitt sér af krafti síðastliðin fjögur ár að því að bjóða upp á bæði styttri námskeið og lengra nám fyrir starfsfólk lögreglu. Námsframboð með lengri námslínum hefur aukist en fyrst var lögð áhersla á grunnnám í rannsóknum sakamála og stjórnun lögreglurannsókna. Síðan hafa bæst við sérnámslínurnar rannsóknir kynferðisbrota, stjórnendur vakta í almennri löggæslu og nú í september varð heildstætt landamæranám að veruleika. Þessar námsleiðir eru skipulagðar sem fjarnám með staðlotum fyrir verklega þjálfun og veita flestar námslínurnar einingar á háskólastigi þar sem umgjörð og kröfur námsins standast gæðaviðmið háskólasamfélagsins. Þessi þróun er auk þess að stuðla að auknum gæðum í því námi sem boðið er upp á og er hún mikilvæg þeim lögreglumönnum sem vilja nýta einingarnar inn til BA-prófs í lögreglufræðum við Háskólann á Akureyri.

Síðastliðin þrjú ár hefur námsframboð fyrir starfsfólk lögreglu verið fjölbreytt og aðsókn góð. Flest námskeið sem haldin hafa verið voru 1-3 dagar en mikil áhersla var á lengra nám til að auka gæði þjálfunar þátttakenda og voru rúmlega 120 þátttakendur sem sóttu slíkt nám sl. þrjú ár. Árið 2020 dró úr námsframboði vegna heimsfaraldurs Covid-19 en allt fræðslustarf færðist í rafrænt form á meðan samkomutakmarkanir og hólfaskiptingar voru við lýði, að undanskildu starfsnámi lögreglufræðinema. Vonandi er þeim kafla lokið og við getum haldið áfram að hittast því við finnum það öll hversu mikilvægt og gefandi það er að eiga samskipti í persónu!

### Canvas-kennslukerfi – Fræðslumyndbönd – rafrænt bókasafn

Menntasetrið tók nýverið upp kennslukerfið Canvas og fetar þar í spor Háskólans á Akureyri, Háskólans í Reykjavík og Háskóla Íslands. Þannig verða námskeið MSL uppsett í Canvas og náms- og fræðsluefni þar að finna. Þetta gefur okkur aukna og fjölbreyttari möguleika á að miðla fræðslu til starfsfólk lögreglunnar. Helst það í hendur við gerð fræðslumyndbanda, en MSL hefur gefið út stutt, hnitmiðuð myndbönd, t.d. um verklag lögreglu í heimilisofbeldismálum og spillingu innan lögreglunnar. Verið er að vinna að gerð fræðslumyndbanda í fleiri málaflokkum sem eru birt á innra neti og aðgengileg öllu starfsfólki lögreglunnar. Vonandi verðum við búin að setja upp rafrænt bókasafn í náinni framtíð þar sem fræðslu verður að finna á aðgengilegan hátt og við getum búið til í sameiningu gagnvirkt námssamfélag.

### Alþjóðlegt samstarf – alþjóðlegt nám

Þess ber einnig að geta að fjöldi starfsmanna lögreglu hefur sótt námskeið og veffyrirlestra á vegum CEPOL síðastliðið ár. Áhugasamir geta sótt um aðgang að fræðsluneti CEPOL á vef þess (sjá tengil á vef menntasetursins). Á fræðslunetinu má nálgast sjálfsnám í gegnum vefnámskeið, skrá sig í veffræðslu sem send er út í beinni útsendingu, leita í námskeiðsframboði staðnámskeiða sem haldin eru víða um Evrópu og nýta sér rafrænt bókasafn CEPOL.

Þann 1. september sl. var undirritaður nýr samningur við CEPOL sem bætir við fyrri samstarfssamning þeim möguleika að starfsfólk íslensku lögreglunnar geti farið í skiptinám til annarra löggæslustofnana í skemmri eða lengri tíma. Þessi leið opnar fyrir einstök námstækifæri þar sem lögreglumenn geta lært aðferðir og borið saman bækur sínar við erlenda kollega. Þá er Ísland aðili að Landamærastofnun Evrópu (FRONTEX) og geta íslenskir lögreglumenn sótt námskeið og þjálfun sem tengist landamæravörslu. Landamærastofnunin hefur einnig stutt við nýtt landamæranám með góðum ráðum.

Þann 3. september sl. undirritaði MSL samning við Samtök evrópskra lögregluskóla (AEPC) en við höfum verið í umsóknarferli til að komast inn í samtökin frá því síðla árs 2019. Í samstarfi þessu opnast dyr margra lögregluskóla í Evrópu fyrir íslenskum nemendum í bæði lengra nám og styttri námskeið. Starfsfólk lögreglu hefur nú þegar nýtt vefnámskeið í gegnum AEPC og þegar ferðalög færast aftur í eðlilegt horf geta vonandi einhverjir nýtt sér þessi spennandi tækifæri.

Að ógleymdu erum við í samvinnu við menntastofnanir sem fara með lögreglumenntun á Norðurlöndunum, NORDCOP-samstarfið. Markmiðið er að auka samstarf milli landa á sviði mennta- og fræðslumála og stuðla að nemendaskiptum milli landa sem og uppbyggingu á faglegu starfi sem fram fer í vinnuhópum utan um hvert verkefni. Hefur þetta samstarf stuðlað að mikilvægu tengslaneti við vini okkar á Norðurlöndum sem eiga svo margt sameiginlegt með okkur.

### Framtíðin

Í kjölfar nýs stofnanasamnings lögreglumanna má sjá tækifæri og nýja sýn á menntun lögreglu. Lögreglumenn eru fagmenn sem geta sérhæft sig á fjölbreyttum sviðum en byggja þarf upp skýr sérsvið innan lögreglunnar til að auðvelda starfsfólki að sinna starfsþróun. Lögreglan er að stíga sín fyrstu skref í að verða þekkingarsamfélag þar sem notast er við vísindalega aðferðafræði til að þróa vinnubrögð lögreglu. Þekking er alls staðar og bókasöfn eru ekki lengur eini staðurinn sem hægt er að fá þekkingu. Til að komast lengra í þessari þróun þurfum við ekki bara að nota þekkingu, heldur verða virk í að búa til þekkingu með eigin vísindastarfi. Í framtíðinni má sjá fyrir sér uppbyggingu á námssamfélögum sem eru drifin áfram af áhuga hvers og eins þátttakanda. Þau gætu verið skipulögð á innra netinu eða kennsluvef þar sem tækifæri gefst til að eiga umræður, byggja upp wiki-síður og miðla þannig efni fagmanna á milli. Tæknin mun sannarlega gera okkur kleift að þróa áfram þekkingu innan lögreglunnar með fjölbreyttum hætti og framtíðin er björt miðað við þann mikla mannauð sem okkar fámenna lögregla býr yfir.

*Ólafur Örn Bragason og*
*Soffía Waag Árnadóttir,*
*Mennta- og starfsþróunarsetur lögreglu*



# Ásar
*þýðingar og túlkun*

Eftirfarandi þýðendur og túlkar starfa innan vébanda Ása – þýðinga og túlkunar:

Aðili að rammasamningi Ríkiskaupa

- **Ellen Ingvadóttir**, lögg. dómtúlkur og skjalaþýðandi, EU-ACI
- **Bjarni Gunnarsson**, lögg. dómtúlkur og skjalaþýðandi
- **Niels Rask Vendelbjerg**, lögg. dómtúlkur og skjalaþýðandi
- **Matthías M. Kristiansen**, þýðandi og skjáþýðandi
- **Daniel D. Teague**, skjalaþýðandi

Almennar og löggiltar þýðingar, dóm-, skýrslutöku- og ráðstefnutúlkun, textaráðgjöf

Mikil starfsreynsla

Ásar – þýðingar og túlkun slf. / Reykjavík
Sími: 897-2717 / ellening@simnet.is



**Alveg eins og þið...**
erum við um land allt.



AB.IS
567-6020
ALLTAF BETRI
AB varahlutir
þinn hagur í bílavarahlutum
REYKJANESBÆR SELFOSS REYKJAVÍK AKUREYRI EGILSSTAÐIR




# Vinnan á lokametrunum

Vinna við gerð stofnanasamnings er nú á lokametrunum. Um er að ræða samning milli Landssambands lögreglumanna og lögregluembættanna um forsendur röðunar starfa á grundvelli gildandi kjarasamnings. Í samningnum er gerð grundvallarbreyting á starfaflokkun innan lögreglunnar og í því samhengi grunnröðun launa. Þannig er gert ráð fyrir að laun lögreglumanna geti þróast í takti við hlutverk, verkefni, hæfni og ábyrgð í stað þess að launahækkanir byggi að meginhluta á sjálfvirkum starfsaldurshækkunum. Forsenda þeirrar breytingar er að reglubundið mat á frammistöðu eigi sér stað, samanborið við starfslýsingu og að niðurstöður þess mats séu svo metnar í starfsþróunarsamtali starfsmanns og stjórnanda hans.

Við undirritun samninganna í ársbyrjun voru tekin fyrstu skrefin í nútímavæðingu launauppbyggingar lögreglumanna. Frágangur og endurskoðun þessara samninga hefur dregist en samkvæmt samningunum átti að framkvæma endurskoðun á samningnum fyrir 1. júlí 2021. Heimsfaraldurinn og annir fulltrúa Landssambandsins og viðsemjenda urðu þess valdandi að þetta dróst.

Eins og áður segir er vinnan á lokametrunum en mjög tímafrekt hefur reynst að fullnusta atriði sem koma fram í bókunum tvö og þrjú við stofnanasamninginn. Í þeim kemur fram að greina þurfi störf lögreglumanna með það að markmiði að útfæra samræmdar starfslýsingar lögreglumanna, svo sem vegna viðbótarmenntunar og annarra persónulegra þátta sem umbuna þarf sérstaklega fyrir í launakjörum.

Þessa daganna er verið að greina svör 500 lögreglumanna sem tóku þátt í skoðanakönnun vegna þessarar vinnu.

Rétt er að minna á að í janúar, þegar hluti samningsins var samþykktur, tryggðu lögreglumenn sér 5,9% hækkun launa að meðaltali. Fyrir liggur að taka þarf ákvörðun um notkun þess fjármagns sem eftir er. Það er samtals 191 milljón króna. Þeir valmöguleikar sem taka þarf afstöðu til eru: að setja fjármunina inn í menntunarþáttinn sem myndi þó aðeins skila sér 50 prósent til lögreglumanna eða fara í frekari leiðréttingar á launatöflu og þeirri skekkju sem þar er að finna.




FÍ
Frumherji
GINGER
Góa Stofnað 1968
hagar
HEKLA
HÓTEL BÚÐIR
TAXI HREYFILL 5 88 55 22
VÍNBÚÐIN
Bílabúð Benna Sérfræðingar í bílum
Brasserie ASKUR Since 1966 Suðurlandsbraut 4
BYKO GERUM ÞETTA SAMAN
dagar
DHL
Domino's
StapaPrent - Síðan 1984 -
Landssamband slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna
GEYSIR BÍLALEIGA

# Þing ÍSL 2020/2021

Þingið átti að fara fram í október 2020 en vegna COVID var ákveðið að fresta því. Það fór loks fram laugardaginn 13. mars 2021 í félagsheimili LR í Brautarholti.

Til þingins mætti 21 þingfulltrúi frá 5 aðildarfélögum/nefndum ÍSL auk stjórnarmanna og heiðursfélaga ÍSL. Þingforseti var Jóhann Karl Þórisson og þingritari Kristína Sigurðardóttir. Óskar Bjartmarz, formaður ÍSL, flutti skýrslu stjórnar en starfsemin var með minna móti þetta tímabilið vegna heimsfaraldursins sem upp kom í ársbyrjun 2020. Á árinu 2020 fóru aðeins fram landsmót í golfi og holukeppni ÍSL í golfi.

Jón S. Ólason gjaldkeri ÍSL kynnti reikninga sem sýndu þokkalega stöðu ÍSL fjárhagslega. Fyrir þinginu lá ein lagabreytingatillaga frá stjórn ÍSL. Hún kvað á um að fækkað yrði í stjórn í áföngum. Fækkað yrði úr tíu stjórnarmönnum auk formanns í sex stjórnarmenn auk formanns. Þetta færi fram með þeim hætti að þegar stjórnarmaður gæfi ekki kost á sér fækkaði um það sæti. Þessi tillaga var samþykkt. Þegar stjórnin verður orðin sjö manna verður framkvæmdastjórn lögð niður.

Óskar Bjartmarz var sjálfkjörinn formaður næsta tímabil. Níu manns voru í framboði í stjórnarsætin níu. Allir frambjóðendur voru því sjálfkjörnir. Stjórnina skipa: Hafdís Albertsdóttir LRH, Hálfdán Daðason HERSAK, Jóhann Karl Þórisson LRH, Jón Gunnar Sigurgeirsson LRH, Jón S. Ólason Vesturlandi, Kjartan Ægir Kjartansson RLS, Kristína Sigurðardóttir Suðurnesjum, Kristján F. Geirsson Suðurnesjum og Ólafur Örvar Ólafsson Suðurnesjum.

Guðmundur St. Sigmundsson var kjörinn heiðursfélagi ÍSL. Að loknu þingi fóru fram heiðursviðurkenningar ÍSL.



Sigurvegarar í flokki heldrimanna. Frá vinstri: Gísli I. Þorsteinsson, Óskar Herbert Þórmundsson og Óskar Þór Sigurðsson.

# Landssmót ÍSL í golfi 2021

Mótið fór fram þriðjudaginn 27. júlí sl. í blíðskaparveðri á Hlíðarvelli í Mosfellsbæ. Mótshald var í höndum ÍFL/Reykjavík en eins og áður, þegar mótshald í golfi er í höndum LRH, var það GLR sem sá um mótshaldið. Aðalmenn þar Jóhann Karl Þórisson og Oddur Ólafsson.

Þátttakendur urðu 30 en nokkuð fleiri höfðu skráð sig í mótið en hættu við af ýmsum ástæðum.

Íslandsmeistari lögreglumanna í golfi 2021 varð Nökkvi Snær Óðinsson Vestmannaeyjum á 85 höggum.

Við verðlaunaafhendingu var viðhöfð þagnarstund til að minnast Sigurðar Péturssonar, Sigga P. félaga okkar sem fór allt of snemma. Hans verður sárt saknað hvort sem er í starfi okkar eða leik.

Landsmót í golfi 2022 á að fara fram á Akureyri og mótshald í höndum heimamanna.

**Úrslit eftir flokkum:**

**A flokkur án forgjafar**

| | | |
|---|---|---|
| 1. Nökkvi Snær Óðinsson | LVE | 85 högg |
| 2. Trausti Freyr Jónsson | LVL | 86 högg |
| 3. Arnar Smári Bjarnason | LVL | 87 högg |

**B flokkur, punktakeppni**

| | | |
|---|---|---|
| 1. Hinrik Konráðsson | LVL | 34 punktar |
| 2. Róbert Sigurðarson | LSS | 32 punktar |
| 3. Egill Egilsson | RLS | 32 punktar |

**C flokkur, punktakeppni**

| | | |
|---|---|---|
| 1. Skúli Jónsson | LRH | 32 punktar |
| 2. Kristján Kristjánsson | LNE | 27 punktar |
| 3. Páll Briem Magnússon | LRH | 25 punktar |

**D flokkur, punktakeppni**

| | | |
|---|---|---|
| 1. Garðar Axelsson | LVL | 33 punktar |
| 2. Þórir Björgvinsson | LVL | 24 punktar |
| 3. Hermann Karlsson | LNE | 21 punktur |

**Öldungaflokkur, punktakeppni**

| | | |
|---|---|---|
| 1. Bjarki Rúnar Skarphéðinsson | LRH | 27 punktar |
| 2. Jóhann Karl Þórisson | LRH | 26 punktar |
| 3. Oddur Ólafsson | LRH | 26 punktar |

**Flokkur Heldrimanna, punktakeppni**

| | |
|---|---|
| 1. Óskar Herbert Þórmundsson | 26 punktar |
| 2. Óskar Þór Sigurðsson | 22 punktar |
| 3. Gísli I. Þorsteinsson | 21 punktur |

**Sveitakeppni:**

| | |
|---|---|
| 1. Vesturland Trausti Fr. Jónsson, Arnar Smári Bjarnason, Hinrik Konráðsson | 256 högg |
| 2. Suðurnes Óskar Halldórsson, Róbert Sigurðarson, Jóhannes S. Harðarson | 277 högg |
| 3. RLS Egill Egilsson, Sveinn Ægir Árnason, Ragnar S. Þórðarson | 298 högg. |

# COVID-19 og íþróttir lögreglumanna

Eins og öllum er ljóst þá hefur COVID-19 faraldurinn haft gríðarleg áhrif á allt íþróttastarf sem og allt annað í heiminum. Þegar kemur að íþróttakeppnum lögreglumanna innanlands hefur faraldurinn haft þau áhrif að undanfarin tvö ár hefur aðeins verið hægt að halda landsmót í golfi og holukeppni ÍSL í golfi. Það er enn smuga, þegar þetta er ritað um miðjan ágúst, að við getum haldið Öldungamót í innanhússknattspyrnu 2021. Okkur tókst að halda þing ÍSL í mars sl. en það átti að fara fram í október 2020.

Norðurlandamót féllu niður á síðasta ári en þá áttu að fara fram NPC í skotfimi á Íslandi, ratleikni í Svíþjóð og blaki í Noregi. Á þessu ári áttu að fara fram Norðurlandamót í handknattleik í Svíþjóð og golfi í Noregi. Það var síðan ákveðið að færa skotmótið og ratleiknina til ársins 2021 og mót ársins 2021 til 2022. Nú er ljóst að skotmótið fer ekki fram þetta árið og það gæti brugið til beggja vona með ratleiknina í Svíþjóð. Það er enn á áætlun í október. Þing Norræna sambandins, NPSA, átti að fara fram á Íslandi í maí en því var frestað til haustsins. Alls er óvíst hvort það getur farið fram með mætingu á þingstað. Ef til vill verður það haldið á Teams eins og aðrir fundir sem haldnir hafa verið á árinu.

Lítið varð af Evrópumótum á síðasta ári og t.d. varð ekkert af EPC í körfuknattleik kvenna sem við ætluðum að taka þátt í, í fyrsta skipti. Það mót hefur alveg verið slegið af og fer næsta mót fram árið 2024. Ætlunin er að halda tvö EPC mót í haust; sund í Rússlandi og víðavangshlaup í Danmörku. Á næsta ári eru sex mót fyrirhuguð en þar á meðal er körfubolti karla. Við höfum tilkynnt um þátttöku þar.

Tíminn leiðir síðan í ljós hvenær íþróttastarf verður orðið eðlilegt að nýju.

*Óskar Bjartmarz*
*formaður ÍSL*




# VIÐ ÓSKUM LÖGREGLUMÖNNUM VELFARNAÐAR Í STARFI

Kjarnafæði hf
Kraftbílar ehf
Lagnalind ehf
Ljósco ehf
Molta ehf
Múriðn ehf
Norðlenska ehf
Oddsmýri ehf
Pólarhestar ehf
Rafmenn ehf
Rakara- og hárstofan Kaupangi
Sjómannablaðið Víkingur
Sjúkrahúsið á Akureyri
Steypustöð Akureyrar ehf
Stjörnusól
Straumrás hf
Veitingastaðurinn Krua Siam
Verkval ehf
Vélaleiga HB ehf

**GRENIVÍK**
Sparisjóður Höfðhverfinga

**DALVÍK**
EB ehf
Steypustöðin Dalvík ehf
Sæplast Iceland ehf

**ÓLAFSFJÖRÐUR**
Skiltagerð Norðurlands ehf

**HÚSAVÍK**
E G Jónasson rafmagnsverkstæði
Tjörneshreppur
Trésmiðjan Rein ehf
Vélaverkstæðið Árteigi

**MÝVATN**
Kaffihúsið við Dimmuborgir

**ÞÓRSHÖFN**
B.J. vinnuvélar ehf

**VOPNAFJÖRÐUR**
Kristín Brynjólfsdóttir
Sláturfélag Vopnfirðinga hf

**EGILSSTAÐIR**
Bókráð, bókhald og ráðgjöf ehf
Gistihúsið Lake - Hotel Egilsstadir
Héraðsprent ehf
Sænautasel ehf

**REYÐARFJÖRÐUR**
Félag opinberra starfsmanna á Austurlandi
Fjarðaveitingar ehf
Hárstofa Sigríðar ehf
Tærgesen, veitinga- og gistihús

**ESKIFJÖRÐUR**
Eskja hf
Rafmagnsverkstæði Andrésar ehf

**NESKAUPSTAÐUR**
Haki ehf verkstæði
Síldarvinnslan hf

**FÁSKRÚÐSFJÖRÐUR**
Kaffi Sumarlína ehf
Loðnuvinnslan hf
Vöggur ehf

**HÖFN Í HORNAFIRÐI**
H. Christensen ehf
Jökulsárlón ferðaþjónusta ehf
Rósaberg ehf
Sveitafélagið Hornafjörður
Þrastarhóll ehf

**SELFOSS**
Ágúst Bogason ehf
Baldvin og Þorvaldur ehf
Báran stéttarfélag
Bílaþjónusta Péturs ehf
Bílverk BÁ ehf, bílamálun og bílaréttingar
Bjarnabúð
Búhnykkur sf
Eðalbyggingar ehf
Fasteignasalan Árborgir ehf
Flóahreppur
Fossvélar ehf
Hjá Maddý ehf
Hreingerningarþjónusta Suðurlands - Hreint um allt suðurland
JÁ pípulagnir ehf
Jeppasmiðjan ehf
K.Þ Verktakar ehf
Kökugerð H P ehf
Lögmenn Suðurlandi ehf
Málarinn Selfossi ehf
Mömmumatur Selfossi
Pípulagnir Helga ehf
Pylsuvagninn Selfossi við brúarendann
Rafmagnsverkstæði Jens og Róberts ehf
Rafvélaþjónusta Selfoss ehf

Reykhóll ehf
Stálkrókur ehf
Vélsmiðja Suðurlands ehf
X5 ehf

**HVERAGERÐI**
Almar Bakari
Flóra garðyrkjustöð
Hótel Örk
Kjörís ehf
Raftaug ehf

**ÞORLÁKSHÖFN**
Járnkarlinn ehf

**ÖLFUS**
Garpar ehf
Gljúfurbústaðir ehf

**LAUGARVATN**
Ásvélar ehf

**FLÚÐIR**
Flúðasveppir ehf
Hitaveita Flúða og nágrennis

**HVOLSVÖLLUR**
Krappi ehf, byggingaverktakar
Rangárþing eystra
Torf túnþökuvinnsla ehf

**VÍK**
RafSuð ehf

**VESTMANNAEYJAR**
Bílaverkstæði Sigurjóns
Bragginn sf, bílaverkstæði
Hótel Vestmannaeyjar
Ísfélag Vestmannaeyja hf
Íþróttabandalag Vestmannaeyja
Karl Kristmanns, umboðs- og heildverslun
Lífeyrissjóður Vestmannaeyja
Miðstöðin ehf
Narfi ehf
Suðurprófastdæmi
Teiknistofa Páls Zóphóníassonar ehf
Vestmannaeyjabær



Fremri röð frá vinstri: Arnar Marteinsson, Arnfríður Gígja Arngrímsdóttir, Þorsteinn Steingrímsson, Hafdís Björk Albertsdóttir, Hörður Sigurðsson, Atli Már Sigurðsson, Hilmar Björgvinsson og Garðar Kristjánsson.
Aftari röð frá vinstri: Ólafur Jónsson, Sigurgeir Arnþórsson, Sveinn Ægir Árnason, Guðmundur Baldursson og Guðmundur Hjörvar Jónsson.

# Heiðursviðurkenningar 2020/2021

## Bronsmerki:

**Daði Þorkelsson**
Tók þátt í fyrsta Norðurlandamótinu í maraþoni sem fram fór hér á landi 2015. Hann hefur skilað inn árangri á hverju ári frá upphafi Afreksmerkisins og er einn af örfáum sem það hefur gert.

**Gunnar Backmann**
Hefur tekið þátt í tveimur Norðurlandamótum, bæði í knattspyrnu og handknattleik. Hann hefur tekið þátt í landsmótum í innanhússknattspyrnu.

## Silfurmerki:

**Arnar Marteinsson**
Hefur keppt á tveimur Evrópumótum í júdó og var liðsstjóri á síðasta móti, sem fram fór í Ungverjalandi 2019. Hann fékk bronsmerki ÍSL 2010.

**Arnfríður Gígja Arngrímsdóttir**
Er mjög fjölhæf íþróttakona. Hún hefur tekið þátt í fjórum Norðurlandamótum í mismunandi greinum; lögregluskólamóti í fimmtarþraut, í víðavangshlaupi, í handknattleik og í knattspyrnu. Hún fékk bronsmerki ÍSL 2014.

**Birgir Már Vigfússon**
Er einn af þeim innan okkar raða sem er mjög fjölhæfur íþróttamaður. Hann hefur keppt á átta Norðurlanda- og Evrópumótum í hinum ýmsu íþróttagreinum; lögregluskólamóti í þríþraut, í golfi, maraþoni og víðavangshlaupi. Birgir fékk bronsmerki ÍSL 2014.

**Bjarni Skúlason**
Hann tók fyrst þátt í lögregluskólamóti í fimmtarþraut og síðan hefur hann keppt á þremur Evrópumótum í júdó. Bjarni fékk bronsmerki ÍSL 2018.

**Guðmundur Hjörvar Jónsson**
Hefur keppt á fimm Norðurlanda- og Evrópumótum, bæði í knattspyrnu og körfuknattleik. Hann var liðsstjóri á síðasta Evrópumóti í körfuknattleik í Grikklandi. Hann hefur keppt á landsmótum í innanhússknattspyrnu og golfi. Hann fékk bronsmerki ÍSL 2004.

**Gunnlaugur K. Jónsson**
Hann hefur tekið þátt í sjö Norðurlanda- og Evrópumótum í handknattleik. Hann var m.a. í sigurliðinu á Evrópumótinu í Vichy í Frakklandi 1984. Hann tók þátt í landsmótum í innanhússknattspyrnu en ég er að bíða eftir því að hann mæti á landsmót í golfi sem ég veit að hann spilar. Hann fékk bronsmerki ÍSL 1992.

**Huginn Egilsson**
Hefur tekið þátt í átta Norðurlanda- og Evrópumótum í knattspyrnu, handknattleik og víðavangshlaupi. Hann hefur tekið þátt í landsmótum í innanhússknattspyrnu, golfi og CF Throwdown. Huginn fékk bronsmerki ÍSL 2006.

**Ólafur Jónsson**
Hefur tekið þátt í fimm Norðurlandamótum í innanhússknattspyrnu og knattspyrnu. Hann hefur tekið þátt í landsmótum í innanhússknattspyrnu. Ólafur fékk bronsmerki ÍSL 2012.

## Gullmerki:

**Annel Þorkelsson**
Hefur keppt fyrir hönd ÍSL 10 sinnum í golfi; í landskeppnum, á Norðurlandamótum eða öðrum mótum. Þá hefur hann tekið þátt í landsmótum í golfi en við höfum saknað þess að sjá hann mikið á síðustu landsmótum. Annel fékk bronsmerki ÍSL 1996 og silfurmerki 2012.

**Atli Már Sigurðson**
Hefur verið skoðunarmaður reikninga ÍSL frá árinu 2004 og er enn, hann hefur tekið þátt í landsmótum í innanhússknattspyrnu. Þetta er fyrsta heiðursmerki ÍSL sem Atli fær.

**Garðar Kristjánsson**
Hefur tekið þátt í mörgum landsmótum í innanhússknattspyrnu og golfi. Hann tók þátt í mörgun Öldungamótum í innanhússknattspyrnu og ef ég man rétt þá var hann að taka þátt í þeim nær alveg fram að eftirlaunatöku. Hann fékk bronsmerki ÍSL 1998 og silfurmerki 2006.

**Guðmundur Baldursson**
Mutti, eins hann var alltaf kallaður, hefur tekið þátt í þremur Norðurlandamótum í handknattleik, tveimur Norðurlandamótum í knattspyrnu sem varamarkvörður, þá var hann í liði Keflavíkur á bókamóti Norrænu sakamálabókarinnar í innanhússknattspyrnu. Hann hefur tekið þátt í landsmótum í inanhússknattspyrnu og golfi. Hann tók þátt í Öldungamótum alveg fram að eftirlaunatöku. Hann fékk bronsmerki ÍSL 1994 og silfurmerki 2012.

**Hafdís Albertsdóttir**
Keppti á tveimur mótum Norrænu sakamálabókarinnar í innanhússknattspyrnu og handknattleik. Hún hefur tekið þátt í tveimur Norðurlandamótum í handknattleik. Hafdís hefur setið í stjórn ÍSL frá 2006 og verið liðsstjóri kvennaliða ÍSL á tveimur Norðurlandamótum í handknattleik og knattspyrnu. Hafdís fékk bronsmerki ÍSL 2006 og silfurmerki 2012.

**Hannes Leifsson**
Hefur verið í liði ÍSL á þremur Norðurlandamótum í handknattleik og einu Evrópumóti. Þá var hann í liði ÍSL á Norðurlandamótinu í knattspyrnu 1987. Hannes tók þátt í mörgun landsmótum í innanhússknattspyrnu, bæði fyrir yngri þátttakendur og á Öldungamótum. Hann fékk bronsmerki ÍSL 1992 og silfurmerki 2016.

**Hermann Karlsson**
Hefur tekið þátt í fjórum Norðurlandamótum og einu Evrópumóti í handknattleik. Þá tók hann þátt í einu handknattleiksmóti Norrænu sakamálabókarinnar. Hermann hefur leikið 19 leiki á þessum mótum. Hann hefur tekið þátt landsmótum í knattspyrnu bæði yngra og Öldungamótum. Þá hefur hann tekið þátt í landsmótum í golfi og er enn að. Hermann var mjög virkur í íþróttastarfsemi lögreglumanna á Akureyrarsvæðinu og komið að mótshaldi landsmóta ÍSL. Hann fékk bronsmerki ÍSL 1998 og silfurmerki 2012.

**Hilmar Björgvinsson**
Hefur keppt fyrir hönd ÍSL níu sinnum í golfi í landskeppnum, á Norðurlandamótum eða öðrum mótum. Hann hefur tekið þátt í mörgum landsmótum í innanhússknattspyrnu og golfi. Við höfum saknað Hilmars á landsmótum í golfi en ég vona að hann sé ekki hættur að taka þátt í þeim. Hilmar fékk bronsmerki ÍSL 1996 og silfurmerki 2012.

**Hörður Jóhannesson**
Hann sat í varastjórn ÍSL eitt tímabil og var gjaldkeri seinna árið. Hann var skoðunarmaður reikninga í nokkur ár. Hörður keppti fyrir hönd ÍSL á fyrsta Norðurlandamótinu í knattspyrnu 1983. Hann var liðsstjóri þegar við urðum Evrópumeistarar í handknattleik í Frakklandi 1984. Hann var einnig liðsstjóri handknattleiksliðs okkar á Evrópumótinu 1988. Hann hefur tekið þátt í mörgum landsmótum bæði í innanhússknattspyrnu, yngri og öldunga og golfi. Hann kom að mótshaldi á nokkrum landsmótum f.h. RLR. Hörður fékk bronsmerki ÍSL 1994 og silfurmerki 2014.

**Hörður Sigurðsson**
Er enn einn af þessum fjölhæfu íþróttamönnum innan lögreglunnar. Hann hefur keppt fyrir hönd ÍSL í knattspyrnu, handknattleik og golfi. Þar eru þrjú handknattleiksmót, tvö Norðurlandamót og eitt Evrópumót. Eitt Norðurlandamót í knattspyrnu. Þá hefur hann tekið þátt í 12 golfmótum; Norðurlandamótum, landskeppnum og öðrum mótum. Ekki má gleyma að hann hefur tekið þátt í ófáum landsmótum í innanhússknattspyrnu, bæði yngri og öldunga, og golfi. Hörður fékk bronsmerki ÍSL 1996 og silfurmerki 2012.

**Jón Bragi Arnarson**
Hefur tekið þátt í fjórum Norðurlandamótum í knattspyrnu og einni Evrópuundankeppni í knattspyrnu. Hann hefur tekið þátt í tveimur Norðurlandamótum í handknattleik og einu handknattleiksmóti Norrænu sakamálabókarinnar. Í handknattleiknum var hann markmaður. Á þessum mótum hefur hann leikið 27 leiki. Jón Bragi hefur tekið þátt í ófáum landsmótum í knattspyrnu bæði yngri og öldunga. Hann fékk bronsmerki ÍSL 1998 og silfurmerki 2012.

**Jónas Hafsteinsson**
Hefur tekið þátt í níu skotmótum, fimm Norðurlandamótum, þremur Evrópumótum og einu norrænu boðsmóti. Hann hefur tekið þátt í nær öllum skammbyssugreinum á þessum mótum. Hann hefur komið að mótshaldi á landsmótum ÍSL í skotfimi og studdaði að uppbyggingu skotfiminnar innan lögreglunnar. Hann fékk bronsmerki ÍSL 1996 og silfurmerki 2012.

**Sigurgeir Arnþórsson**
Hefur tekið þátt í sjö Norðurlanda- og Evrópumótum í skotfimi. Þau eru einnig nokkur landsmótin sem hann hefur tekið þátt í. Sigurgeir hefur lagt sitt af mörkum til að efla skotíþróttina meðal lögreglumanna og tekið þátt í mótshaldi á landsmótum. Hann fékk bronsmerki ÍSL 1998 og silfurmerki 2012.

**Sveinn Ægir Árnason**
Er einn af af þessum liðtæku lögreglumönnum í íþróttum. Hann hefur keppt fyrir hönd ÍSL á þremur Evrópumótum í körfuknattleik og einni undankeppni. Þá hefur hann verið í liði ÍSL á tveimur Norðurlandamótum í knattspyrnu. Hann hefur tekið þátt í landamótum í innanhússknattspyrnu og golfi og er enn að. Hann hefur líka komið að mótshaldi á landsmótum. Hann fékk bronsmerki ÍSL 2006 og silfurmerki 2014.

**Þorsteinn Steingrímsson**
Hann var einn af stofnendum ÍFL Reykjavík 1966 og upphafsmaður júdóíþróttarinnar innan lögreglunnar. Hann er gott dæmi um mann sem hefur helgað sig sinni íþrótt. Hann hefur verið í liði ÍSL í golfi í tveimur landskeppnum við Frakka. Hann er þrátt fyrir að hafa farið á eftirlaun fyrir allnokkrum árum enn að spila golf og nær alltaf mætir hann á landsmót ÍSL í golfi. Ef ég fer rétt með þá tók hann þátt í fyrsta landsmóti lögreglumanna 1980 á Akranesi og er enn að. Í upphafi hétu þessi mót IPA-mót. Hann hefur hugsanlega misst af einu til tveimur mótum á öllum þessum tíma. Þeir eru líka nokkrir titlarnir sem hann hefur landað á þessum mótum. Hann er gott fordæmi fyrir okkur hina sem höfum ekki tekið þátt í landsmótum á síðustu árum. Þorsteinn fékk bronsmerki ÍSL 1996 og silfurmerki 2012.

**Elvíra Viktorsdóttir**
Að lokum er ein manneskja sem mér er sérstakur heiður að fá tækifæri til að afhenda gullmerki ÍSL. Viðkomandi hefur ekki klæðst íþróttafatnaði okkar og ekki kastað, sparkað, slegið eða hlaupið á vegum ÍSL Hún hefur hins vegar gert annað fyrir ÍSL sem er ekki síður ástæða til að þakka fyrir. Um hverja er ég að tala? Jú, hana Elvíru hans Guðmundar Sigmundssonar. Hún hefur á undanförnum árum stutt við bakið á Guðmundi vegna starfa hans fyrir ÍSL hvatt hann til að halda áfram að starfa fyrir okkur. Hún hefur opnað heimili sitt og sumarbústað oftar en einu sinni til að taka á móti erlendum gestum okkar sem hafa verið á Norðurlanda- eða Evrópumótum hér á landi. Liðveisla hennar þegar við höfum haldið Norðurlanda/Evrópumót, fundi eða þing Norræna lögregluíþróttasambandsins hefur verið okkur ómetanlegt.

# Mótalisti 2022

| Landsmót: | Umsjón/mótsstaður | Dags. |
|---|---|---|
| Innanhússknattspyrna | Vesturland | mars/apríl |
| Holukeppni í golfi | Golfnefnd ÍSL | júní/ágúst |
| Golf | Akureyri | júlí/ágúst |
| Öldungamót í innanhússknattsp. | Akureyri | september |
| Skotfimi | Skotnefnd ÍSL | október |
| Lögguhreysti CF Throwdown | Lögguhreystinefnd ÍSL | nóvember |
| **Norðurlandamót:** | | |
| Skotfimi | Reykjavík/Ísland | maí |
| Golf | Noregur | |
| Handknattleikur | Svíþjóð | |
| **Evrópumót:** | | |
| Skíði | Izhevsk/Rússland | 09. – 13. mars |
| Knattspyrna | Trondheim/Noregur | 13. – 20. júní |
| Körfubolti karla | Limoges/Frakkland | 20. – 27. júní |
| Tennis | Münster/Þýskaland | |
| Hjólreiðar | Danmörk | |
| Blak karla | Turin/Ítalía | 25. sep. – 2. okt. |
| Maraþon | Vín/Austurríki | 07. – 10. október |




LSR er til staðar fyrir þig á mörgum helstu tímamótum ævinnar. Sem sjóðfélagi öðlastu víðtæk réttindi – kynntu þér þau á lsr.is.

Hjá okkur geturðu líka fengið **séreignarsparnað**, sem er ekki aðeins bein launahækkun fyrir þig, heldur líka ein besta sparnaðarleið sem völ er á. Við bjóðum einnig **fasteignalán**, bæði verðtryggð og óverðtryggð.

Nú geturðu sótt um bæði séreignarsparnað og fasteignalán á vefnum okkar. Kynntu þér málið á lsr.is.

LSR
Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins